



FAKTORSHÚSIÐ
J. Hestabreytingar
 Opíð daglega frá
 11:30 - 23:30
 Líttar veitingar í fallegu og
 reykláusu umhverfi
 Borðaupptætur og upplýsingar
 í símanum 456-1414 og 861-6759

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfirðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 29. júní 2005 · 26. tbl. · 22. árg.



Tilfinningaþrungin stund á flaki Egils rauða

Það var tilfinningaþrungin stund þegar lögð voru blóm á flak Egils rauða til minningar um þá fimm skipverja sem fórust í strandinu. Athöfnin fór

fram undir Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp, þar sem Egill rauði strandaði fyrir rúmum 50 árum. Skipbrotsmenn og björgunarmenn hittust á fornum

slóðum og var ýmislegt rifjað upp, sem legið hefur í þagnargildi í hálfra öld. Frá vinstri: Guðmundur Arason skipverji af Agli rauða, Steinn Jónsson

skipverji af Austfirðing, Jógvan Larsen sonur Hilmars Larsen sem var skipverji á Agli rauða, Axel Óskarsson og Tórálvur Mohr Larsen skip-

verjar af Agli rauða. Meðfylgjandi mynd tók Þorsteinn J. Tómasson. Sjá einnig frásögn Halldórs Jónssonar og fleiri myndir Þorsteins á bls. 2 og 3.

Vestfirðingar eftirbátar allra stétta í launum utan einnar

Aðeins í veitustarfsemi voru meðalatvinnutekjur á Vestfirðum hærrí en á landinu öllu á síðasta ári. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Í veitustarfsemi voru meðalatvinnutekjur á síðasta

ári rúmar 4,1 milljón króna á Vestfirðum en á landinu öllu eru tekurnar tæpar 3,8 milljónir króna. Tekjurnar á Vestfirðum eru því tæpum 9% hærrí en á landinu öllu. Í öllum öðrum atvinnugrein-

um voru tekjur lægri á Vestfirðum. Mestu munar í fjármálaþjónustu, í landbúnaði og fiskveiðum. Í landbúnaði voru tekjurnar í fyrra á Vestfirðum 737 þúsund krónur eða aðeins 71% af tekjum á landinu öllu í

þeirri atvinnugrein. Í fiskveiðum voru tekjurnar tæpar 3 milljónir króna eða um 71%. Í fjármálaþjónustu voru tekjurnar á Vestfirðum að meðaltali rúmar 2,6 milljónir króna eða einungis um 62%.

Störf í iðnaði komast næst því að vera þau sömu á Vestfirðum og á landinu öllu. Í fyrra voru meðallaun í þeirri atvinnugrein tæpar 2,6 milljónir króna eða um 97% af tekjum á landinu öllu. - hj@bb.is

Samkaup úrval

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
 Verið
 velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framfarisskiptum tengilandi. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubreytingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Hæð er sameiginlegur matnaður bæði starfsmanna og hléagæms að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

EIMSKIP

Hönguálfar 2 · 104 Reykjavík · Sími 525 1000 · Fax 525 1006 · www.eimskip.is

Björgunarafreksins undir Grænuhlíð í janúar fyrir 50 árum minnst á laugardag

Óskiljanlegt hvernig hægt var áfallalaust í fárviðri og fann

Ekki fór á milli mála að atburðirnir undir Grænuhlíð fyrir 50 árum, er togarinn Egill rauði strandaði, hafa haft mikil áhrif á þá sem þar voru. Halldór Jónsson blaðamaður BB á Ísafirði var viðstaddur er skipbrotsmenn og björgunarmenn hittust á fornum slóðum á laugardag. Tilfinningaþrungnir endurfundirnir voru mönnum kærkomnir og ýmislegt var rætt og rifjað upp sem legið hefur í þagnargildi.

„Björgun skipverjanna af Agli rauða er eitt mesta björgunarafrek sem unnið hefur verið við Íslandsstrendur og þó víðar væri leitað“ sagði Magni Kristjánsson skipstjóri frá Norðfirði í ávarpi sem hann hélt í stafni björgunarskipis Gunnars Friðrikssonar frá Ísafirði. Þá var skipið stutt undan Grænuhlíð í Ísafjörðardjúpi skammt frá þeim stað er togarinn Egill rauði strandaði 26. janúar 1955. Magni var einn þeirra sem skipulögðu endurfundi björgunar- og skipbrotsmanna sem börðust fyrir lífi sínu undir Grænuhlíð fyrir rúmum 50 árum. Í ferðinni á laugardag var á þriðja tug manna. Þar voru m.a. fjórir skipbrotsmenn af Agli rauða, tveir Íslendingar og tveir Færeyingar, nokkrir björgunarmanna frá Ísafirði og af togaranum Austfirðingi auk afkomenda skipverja af Agli

rauða og Austfirðingi. Einnig voru með í för Helgi Hallvarðsson fyrrverandi skipherja, sem tók þátt í björgunarleiðangrinum sem stýrimaður á Ægi og Guðmundur Guðmundsson fyrrverandi útgerðarmaður, sem var formaður björgunarsveitar Slysavarnafélagsins á Ísafirði um áratuga skeið.

Blómvendir við flakið

Við brottför frá Ísafirði fór Guðmundur Arason, bátsmaður á Agli rauða, með sjóferðabæn að fornum síð. Þegar komið var að strandstaðnum fór fram minningarstund þar sem þeirra fimm skipverja sem fórust í strandinu var minnst. Síðan fóru nokkrir skipbrotsmanna og björgunarmanna í land þar sem lagðir voru fimm blómvendir að flaki Egils rauða til minningar um þá er



Björgunarmenn og skipbrotsmenn af Agli rauða við flak skipsins 50 árum eftir strandið. Frá vinstri: Tórálvur Mohr Hansen af Agli rauða, Ásgeir Guðbjartsson björgunarmaður frá Ísafirði, Steinn Jónsson björgunarmaður af togaranum Austfirðingi, Axel Óskarsson af Agli rauða, Gísli Jónsson björgunarmaður frá Ísafirði og leiðsögumaður björgunarhópsins, Guðmundur Arason af Agli rauða og Guðmundur Halldórsson björgunarmaður frá Ísafirði.

fórust. Að því loknu var gengin leiðin frá strandstað að bænum Sléttu. Gengu flestir stórgrýtta fjöruna. Steinn Jónsson, 86 ára, einn björgunarmanna af Austfirðingi, lét sig ekki muna

um að hlaupa upp snarbratta skriðuna til þess að ganga til baka sömu leið og hann ásamt félögum sínum gekk fyrir 50 árum þegar þeir komu skipverjum á Agli rauða til bjargar.

Að lokinni stuttri viðdvöl á Sléttu var siglt til Hesteyrar, þar sem björgunarleiðangurinn fyrir 50 árum hófst. Að koman að Hesteyri á laugardag var blíðlegri en fyrir hálfri öld.

Kvennakór undir stjórn Soffíu Vagnsdóttur tók á móti gestum og kjötsúpa var á borðum hjá Birnu Pálsdóttur í Læknishúsinu. Á Hesteyri hittu menn meðal annars fyrir Odd Pétursson, sem var í skíðagönguþópi frá Ísafirði sem fór með vistir til björgunar- og skipbrotsmanna fyrir 50 árum.

Heimsóknin vestur mikið ævintýri

Steinn Jónsson, stýrimaður á Austfirðingi og einn björgunarmanna, segir heimsóknina vestur nú hafa verið mikið ævintýri og margt hafi skýrst í huga sér um það hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á sínum tíma. „Þegar við skoðum þessa löngu leið í sumarblíðu er mér með öllu óskiljanlegt hvernig Gísli Jónsson, þessi konungi maður, fór að því að rata áfallalaust þessa leið í fárviðri og miklu fannfergi. Það sá enginn útúr augum en samt tókst honum að leiða okkur nákvæmlega rétta leið. Eftir að hafa farið þessa erfiðu fjallshlíð í sumarblíðu verður það eins og hver annar draumur að hægt hafi verið að fara hana áfallalaust í stórhrið á sínum tíma,“ sagði Steinn.

Aftek sem aldrei verður fullpakkað

Tórálvur Mohr Olsen, skip-



Leiðangursmenn af björgunarskipinu Gunnari Friðrikssyni ásamt Birnu Hjaltalin Pálsdóttur vert í Læknishúsinu á Hesteyri og hennar fólki af lokinni kjötsúpuveislu á laugardag.

ur að rata fergi




Það var tilfinningaþrungin stund þegar lögð voru blóm á flak Eiríks rauða til minningar um þá fimm skipverja sem fórust í strandinu. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.

brotismaður og seinna lögþingsmaður í Færeyjum, segist afar þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að koma til Íslands nú, fara á strandstaðinn og hitta nokkra af sínum gömlu skipsfélögum. „Það var sérstaklega ánægjulegt að hitta síðan nokkra af björgunarmönnum og geta nú hálfri öld síðar þakkað líf-gjöfina. Mér hefur ávallt verið það ljóst að hefðu þessir menn ekki verið til staðar væri ég ekki hér. Það afrek sem þessir menn unnu verður aldrei fullþakkað enda ofurmannlegt og vart hægt að lýsa því í orðum. Það sannfærðist ég um þegar ég hef nú farið um þær slóðir þar sem ég og félagar mínir vorum bjargarlausir á sínum tíma,“ sagði Tórálvur.

– hj@bb.is



Eins og sjá má er hlíðin ofan strandstaðarins snarbrött. Björgunarmenn urðu að renna sér niður hana í stórhrið til þess að komast að skipinu. Þegar ljóst var að menn voru á lífi í skipinu héldu Gísli Jónsson og Steinn Jónsson til baka eftir frekari hjálp. Þeir misstu af sér stígvélina og hlupu upp hlíðina á sokkunum til þess að flýta för sinni.



Fólkið var ferjað í land á slöngubátum.



Gísli Jónsson björgunarmaður frá Ísafirði og Guðmundur Arason skipverji á Agli rauða.



Brak úr Agli rauða, 50 árum eftir strandið.

Hátíðisdagur Byggðasafns Vestfjarða á laugardaginn

Komandi laugardag verður mikíð um dýrðir hjá Byggðasafni Vestfjarða. Þá verður tekið í notkun nýtt geymsluhúsnæði safnsins sem að sögn safnvarðar er eitt það fullkomnasta á landinu. Gestum Byggðasafnsins býðst að skoða húsnæðið í sumar, en í haust verður húsið að mestu lokað almenningsi, enda er það ætlað til geymslu á munum en ekki til sýninga.

Um kvöldið verður síðan haldin fyrsta af fjórum saltfiskveislum sumarsins, en veislur þessar hafa slegið í gegn á Ísafirði á liðnum sumrum. Snæddur er fiskur sem er sölþurrkaður á reitum safnsins eftir fornum uppskriftum og eldaður ýmist af leikmönnum eða atvinnu-
mönnum í matargerð.

Forneskjulegt en tæknilegt

Jón Sigurpálsson safnvörður segir laugardaginn að líkindum verða mjög annasaman.

„Nýbygging safnsins verður tekin í notkun, geymsluhluti fyrsta áfanga byggingar sem rís á svæðinu. Við nýtum tækifærið og setjum upp sýningu sem kemur frá norska sendiráðinu, „af norskum rótum“, í hinu nýja húsnæði og gefum fólki þannig tækifæri til að skoða húsið í sumar. Húsið opnar klukkan 14 á laugardag og fólki gefst síðan tækifæri til að skoða sýninguna um daginn og eitthvað fram eftir sumri.“

– Verður húsinu síðan lokað?

„Já, þetta verður síðan lokað geymsla. Hé er um að ræða eitt fullkomnasta geymsluhúsnæði sem til er hér á landi.“

– Húsið er þó ekkert vodalega nýtskjulegt að sjá. Þetta er nú ein áhugaverðasta nýbygging landsins og er ekki smíðuð í neinum nútíma byggingastíl.

„Það er alveg satt, enda stóð það aldrei til. Þrátt fyrir forneskjulegt útlit hússins er það mjög tæknilegt hvað varðar stýringu á rakastigi, eldvarnir og aðra öryggisþætti. Hjörleifur Stefánsson arkitekt sem stýrt hefur uppbyggingu húsnæðis í Neðstakaupstað hannaði húsið til að falla inn í umhverfið. Það þótti mikilvægt að nýbyggingin myndi ekki stinga í stúf við önnur hús á svæðinu.“

Sýning safnvarða Íslands

– Þetta átti aldrei að verða eitthvað nútíma glerferlíki?

„Nei, en að vísu verður tenging byggingar við nýja sýningahúsið, sem sambyggt verður geymsluhúsnæðinu úr gleri. Lítið er til þess að hægt verði að horfa í gegnum húsið og stilla þar upp einstökum munum og sjá í bakgrunni Turnhúsið.“

– Þú segir að opnuð verði norsk sýning í geymsluhúsnæðinu í sumar. Verður önnur sýning opnuð í safninu á sama tíma?

„Já, það verður líka boðið upp á sýningu nokkurra safnvarða landsins, sem starfa við myndlist. Safnverðir hér og þar, þar á meðal ég, hafa tekið einn hlut úr sínum söfnum og gert listaverk í kringum hann. Þetta eru Dagný Guðmundsdóttir á Árbæjarsafni, Guttormur Jónsson á Akranesi, Ör-



Frá saltfiskveislu í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað.

lygur Kristfinnsson á Síldarmynjasafninu á Siglufirði, Pétur Kristjánsson á Seyðisfirði, Inga Jónsdóttir frá Jöklasafninu á Höfn og ég.

Þessi sýning hefur ferðast um landið og verður á Ísafirði í rúmum tvær vikur. Hún opnaði í Árbæjarsafni, fór þaðan til Akraness og þaðan kemur hún til Ísafjarðar. Sýningin opnar í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á laugardag.“

– Og hvaða hlut safnsins notaðir þú þér til innblásturs?

„Ég er með svolítið dulurfullan hlut úr sjómynjasafninu. Það hefur aldrei verið vitað með vissu til hvers hlutarinn var notaður, en í verki mínu

set ég fram ákveðna kenningu um notagildi hans. Það verður bara að koma í ljós hvort þetta er rétt kenning eða ekki.“

Fyrsta saltfiskveisla sumarsins

„Um kvöldið verður síðan boðið upp á fyrstu saltfiskveislu sumarsins í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað. Alls verða veislurnar fjórar í sumar og eins og venjulega er leikmönnum fyrst boðið að koma fram með sína rétti áður en atvinnu-
menn eru fengnir til að elda.“

– Og hvaða leikmenn fá að reyna sig í þetta skiptið?

„Það verður ekki gefið upp

strax. En réttirnir verða án efa góðir. Við eigum saltfisk síðan í fyrra sem verkaður var á reitum Byggðasafnsins. Við fáum fiskinn saltaðan og breiðum hann svo út á grjótið í Neðstakaupstað. Það fer síðan eftir veðri hversu lengi hann er að þurrkast, en það hefur ekki viðráð alveg nógu vel til þurrkunnar undanfarið.“

Útgáfa í tilefni veislunnar

– Tónlist hefur ávallt verið fyrirferðarmikil í saltfiskveislum Byggðasafnsins.

„Já, það er rétt. Sem fyrir verða þeir Tómas R. Einarsson á bassa, Páll Torfi

Önundarson á gítar, Villi Valli á harmonikk og Jóhanna Þórhallsdóttir syngur. Þá leikur Matthías Hemstock á slagverk og ekki er ósennilegt að Aðalheiður Þorsteinsdóttir komi í stað Þóris Baldurssonar sem forfallaðist út af brúðkaupi.

Af þessu tilefni ætlum við að gefa út uppskriftarbók sem farin er í prent, en í henni eru fjölmargir saltfiskréttir. Með bókinni fylgir lag Páls Torfa sem heitir Verkun saltfisks og varð til í einni af saltfiskveislunum. Þá má þess geta að væntanlegur er nýr og mjög veglegur safnvisir fyrir gesti.

Við setjum upp tjald við Tjörúhúsið til að vel fari um veislugesti og vonumst til að sem flestir komi og fagni með okkur.“

– halfdan@bb.is



Jón Sigurpálsson, safnvörður.



Útímalning, 10 ltr.
Akrylbundin plástmálning á stölr utanhúss.
T10000000



Gori 44, hálfgegnar víðarvörn á allt timbur og er sérstaklega ætluð á hellabær klæðningar. Fæst í 11 staðallitum ásamt glæna. GORI 44 fæst í 0,75 ltr. og í 5 ltr.



Gori 44
Vidarvörn 0 ltr.
T10000000
Vidarvörn 0,75 ltr.
T10000000
Verð áður 1.295
995



TREBITT TERRASSEBEIS er ný pallaolla á markaðnum sem hefur þann eiginleika að söðins þarf að bera á þriðja hvert ár. Fánæg í 15 fallegum litum.

Trebitt Terrassebeis
Pallaolla 3 ltr.
T10000000


Pallaolla 1 ltr.
T10000000
Verð áður 1.790
1.395



Pallaolla
Jotun, 3 ltr.
T10000000




Kraftvask
Þrífur saltu, sót o.þ. fyrir málnun
T10000000
Verð áður 895
795



Útipenslasett
Fyriðarvörn/Útímalningu
T10000000
Verð áður 895
495

Sérfræðingar í málningu



HÚSASMÍÐJAN
...eitt móti

Byggðastofnun keypti hlutafé í fjórum fyrirtækjum á Vestfjörðum í fyrra

Stofnunin á hlutafé í tólf fyrirtækjum í fjórðungnum

Byggðastofnun veitti á síðasta ári styrki til þriggja aðila á Vestfjörðum að því er kemur fram í ársskýrslu stofnunarinnar sem út kom fyrir stuttu. Menntasmiðja fyrir konur á Bíldudal hlaut 300 þúsund króna styrk og Snævar Guðmundsson og Þórður Halldórsson í Hólmavíkurbreppi hlutu einnar milljóna króna styrk hvor til vetrarsamgangna. Þá keypti stofnunin hlutafé í fjórum fyrirtækjum á Vestfjörðum á liðnu ári. Í Bílddælingi ehf. á Bíldudal var keypt hlutafé fyrir 9 milljónir króna, í Aðlöðum hf. á Ísafirði fyrir 6 milljónir króna, í Hvetjanda ehf. á Ísafirði fyrir 19,4 milljónir króna og í Hot-Mobile Mail ehf. í Bolungarvík fyrir 15 milljónir króna.

Í árslok 2004 átti stofnunin hlutafé í 12 fyrirtækjum á Vestfjörðum. Í Aðlöðum ehf. átti stofnunin hlutafé að upphæð rúmlega 1,7 milljónir króna eða 5,42% af hlutafé fyrirtækisins, í Bakkavík hf.



Byggðastofnun keypti m.a. hlutafé í Aðlöðum sem er til húsa á Norðurtanganum á Ísafirði.

rúmar 31 milljón króna eða 16,61%, í Bílddælingi 9 milljónir króna eða 30% af hlutafé, í Hot-Mobile Mail ehf. að upphæð 15 milljónir króna eða 24,53%, í Hótel Ísafirði ehf. tæpar 8,7 milljónir króna eða

17,55%, í Laugarhóli ehf. 5 milljónir króna eða 17,15%, í Rennex ehf. 600 þúsund krónur eða 10,71%, í Sindrabergi ehf. 25 milljónir króna eða 21,13%, í Snerpu ehf. 750 þúsund krónur eða 21,43%, í Sum-

arbyggð ehf. 2,5 milljónir króna eða 23,36%, í Vesturferðum 4 milljónir króna eða 20,48% og í Þörungaverksmiðjunni hf. rúmar 7,9 milljónir króna eða 32,16% hlutafjár fyrirtækisins. – hj@bb.is



Frá framkvæmdum við göngustíginn.

Gerð göngustígs hafin í Skutulsfirði

Starfsmenn verktakafyrirtækisins KNH ehf. á Ísafirði hafa hafið framkvæmdir við gerð göngustígs inn með Skutulsfjarðarbraut, frá Stakkanesi að Tunguá. Stórvirkar vinnuvélar eru notaðar til verksins og óneitanlega eru umsvifin líkari því að unnið sé að gerð þjóðvegjar frekar en göngustígs.

Skammt utan til við Seljaland mun göngustígurinn liggja um svæði þar sem undanfarin ár hefur staðið yfir skógrækt og á því svæði verða plöntur færðar til og

því reynt að lágmarka það tjón sem af framkvæmdunum verður. Samkvæmt tilboði KNH ehf. mun verkið kosta tæpar 20 milljónir króna. Á síðasta ári var lokið við lagningu göngustígs frá Torfnesi að Stakkanesi og hefur sá stígur verið mikið nýttur af gangandi, hjólandi og skautandi fólki síðan.

Að framkvæmdum loknum í haust verður því kominn samfelldur göngustígur frá Eyri við Skutulsfjörð og að Holtahverfi.

– hj@bb.is

Fjórir listamenn valdir til að gera tillögu um altaristöflu í Ísafjarðarkirkju

Fjórir listamenn hafa verið valdir til þess að gera tillögur að altaristöflu í Ísafjarðarkirkju. Þeir eru Guðjón Ketilson, Ólöf Norðdal, Sigtryggur Bjarnason og Sigurður Árni Sigurðsson. Sem kunnugt er hefur kórveggur kirkjunnar verið auður allt frá því að kirkjan var tekin í notkun fyrir 10 árum. Fyrir skömmu skipaði

sóknarnefnd kirkjunnar sérstaka valnefnd sem valdi listamennina.

Valnefndin ákvað að biðja listamennina að gera tillögur út frá tveimur grunnstefum, vatninu og ljósinu. Bæði stefin eru að mati valnefndarinnar biblíuleg auk þess að eiga sterka skírskotun í daglegt líf Vestfirðinga og sögu þeirra.

Listmennirnir eiga að skila inn tillögum sínum fyrir 1. október í haust og skulu þeir gera grein fyrir hugmyndum sínum bæði í orðum og á myndrænan hátt til dæmis í formi teikninga eða módelis. Þá skulu þeir gera nákvæm grein fyrir því hvernig viðkomandi ætlar sér að vinna verkið, hvaða efnivið hann hyggst nota og svo framvegis.

Kostnaðaráætlun þarf einnig að fylgja með þar sem gerð er grein fyrir öllum helstu kostnaðarliðum allt þar til verkið verður frágengið.

Valnefnd stefnir á að ljúka störfum 1. nóvember 2005. Sigtryggur og Sigurður Árni eru listamálarar en Guðjón og Ólöf hafa meira unnið með þrívíð verk. – hj@bb.is



Ísafjarðarkirkja.

● Sælkeri vikunnar · Gróa Haraldsdóttir á Flateyri

Saltfiskréttir og heimsins besta kaka

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo gömsæta saltfiskrétti. Gróa segir að eftir svona gott saltfiskát sé ekkert betra en að setjast niður með kaffibollann og væna sneið af köku. Þess vegna lætur hún einnig fylgja með uppskrift að ljúffengri köku sem ber heitið Heimsins besta.

Saltfiskforréttur

250 g saltfiskur af sporð hlutanum
2 stórar rauðar paprikur
Salat
Kavíar

Sósa

¼ l majónes
Hvítlaukur
1 lítil gúrka
1 harðsoðið egg
3 msk tómatsósa eða tóm

atkraftur

Útvatnið saltfiskinn, þerrið hann og skerið í lengjur. Skerið paprikuna í tvennt eftir endilöngu, skerið innanúr hlutunum fjórum. Skolið salatið, látið renna vel af því og skerið í mjóar ræmur. Útbúið sósunu með því að saxa hvítlaukinn, gúrkuna og harðsoðna eggjið mjög smátt og blandið saman við majónesið og tómatsósunu. Látið salatræmur í botninum á hverjum paprikuhluta, ofan á þær koma saltfisklengjur. Hellið sósunni yfir. Geymið réttinn í ísskáp þar til hann er borinn fram, þá er hver paprikuhluti skreyttur með 1 tsk kavíar.

Saltfiskur á teini

4-6 ræmur af saltfiski, af þykkasta hluta flaksins

8 beikonsneiðar
1 laukur
1 rauð paprika
16 sveppir
olía

Útvatnið saltfiskinn, þerrið og skerið hverja ræmu í 3-4 bita. Vefjið hálfri beikonsneið utan um hvern saltfiskbita. Þvoðið sveppina og skerið stöngulinn af, notið aðeins efri hlutann. Skerið laukinn í fjóra hluta og takið blöðin í sundur. Skerið paprikuna í ferninga. Þræðið 4 saltfiskbita vafða í beikon upp á hvern tein, þræðið paprikubita, svepp og laukbita á milli fiskbitanna. Penslið með olíu og grillið við mikinn hita í 7-8 mínútur á hvorri hlið, getið þess að fiskurinn soðni í gegn og allt fái fallegan lit. Með þessum rétti má t.d. bera fram majónes, hvítlaukssósu



(alioli-sósu), tartarsósu, romescusósu og remúlaðisósu.

Heimsins besta

4 stk eggjahvítur
2 bollar mulið kornflakes
200 g sykurl
1 tsk ger
1/2 l rjómi
1-2 plötur súkkulaði

Stíffpeytið eggjahvíturarnar og bætið sykrunum út í og þeytið áfram. Bætið kornflakes og geri varlega saman við. Setjið blönduna í tvö lausbotna kökuform. Bakið í eina klukkustund við 120° hita. Brytjið súkkulaðið út í rjómann. Leggjið botnana saman með rjómannum á milli.

Krem

4 stk eggjarauður þeyttar með 100 g bræddu suðusúkkulaði og 100 g flórsykur og hellið yfir kökuna.

Ég skora á Pál Öndarson á Flateyri að verða næsti sælkeri vikunnar.

Friðrik Stefánsson, hundaeigandi og íbúi við Silfurtorgi á Ísafirði

„Stendur á okkur að koma í veg fyrir að bannið verði sett á“

Hundahald á Ísafirði er í endurskoðun og eru hugmyndir uppi um að innan tíðar verði óheimilt með öllu að fara með hunda um miðbæ Ísafjarðar, þ.e.a.s. Hafnarstræti neðan Mánagötu, um Silfurtorg eða Aðalstræti ofan Skipagötu. Málið hefur vakið mikla athygli.

„Mér finnst það heldur rötækt að fara beint í það að banna hunda í miðbænum. Fyrst myndi ég myndi setja einhver viðurlög við óprifnaði

eftir hunda. Einnig er ég á móti því að börn séu að trítla með hunda um bæinn, í flestum tilfellum eru það þau sem þrifa ekki upp eftir dýrin. Það er ábyrgðarhlutverk að eiga hunda og oft skilja börnin ekki að fullu hvað felst í þeirri ábyrgð“, segir Auður Björnsdóttir hundaeigandi og þjálfari.

Undanþegnin banninu verða hundar sem notaðir eru við löggæslu- eða björgunarstörf og aðstoðarhundar sjúkra og

eða blindra einstaklinga. „Bannið myndi ekki snerta mig persónulega þar sem allir hundarnir mínir falla undir undanþáguskilyrðin. En mér finnst þetta ósanngjarn“, segir Auður.

Ef hundahald yrði bannað í miðbænum kæmi það verst niður á hundaeigendum sem þar eru búsettir. „Það yrði ekki gott ef þetta nær fram að ganga því það sviptir okkur ákveðnu frelsi. En ef þetta er gert á þeim forsendum á það sé

óprifnaður eftir hundana þá er það okkur sjálfum að kenna og engum öðrum. Það stendur á okkur að koma í veg fyrir að bannið verði sett á og þrifa upp eftir hundana okkar“, segir Friðrik Stefánsson hundaeigandi og íbúi við Silfurtorg.

Aðspurður hvort hann hafi tekið eftir miklum óprifnaði eftir hunda í miðbænum segir hann svo ekki vera. „Það er meiri óprifnaður af mannfólkinu, brjótandi glerflöskur og hendandi rusli út um allt. Það



Auður Björnsdóttir, hundaeigandi og þjálfari á Ísafirði. er algjörlega undir okkur sjálfum komið að ganga vel um hjá Heilbrigðiseftirliti Vestbæinn okkar.“ Hundabann í miðbænum er liður í endurskoðun samþykktar bæjarins um hundahald sem er nú til umræðu. Málið er til umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Vestbæinn okkar.“ Hundabann í miðbænum er liður í endurskoðun samþykktar bæjarins um hundahald sem er nú til

– thelma@bb.is



Biðskýli hefur verið sett upp á stoppstöð strætisvagna við Pollgötu á Ísafirði.

Biðskýli komið upp við Pollgötu

Biðskýli hefur verið komið upp við stoppstöð strætisvagna við Pollgötu á Ísafirði. Eflaust eru þeir ófáir sem þurft hafa að biða eftir vagni í misjöfnu veðri að vetri til og fagna því að skýlið sé komið upp. Lengi hefur staðið til að koma upp biðskýli sem þessu. Í desember árið

2001 ritaði Sophaporn Sandra Arnórsson á Ísafirði bæjaryfirvöldum og spurði hvort ætlunin væri að koma upp skýli á þessum stað. Fram kom í svari til hennar frá Ísafjarðarbæ skömmu síðar að á áætlun væri að setja þarna upp skýli og málið væri til meðferðar hjá tæknideild

bæjarins. Í september á síðasta ári barst bæjarsjórn Ísafjarðarbæjar undirskriftarlisti frá íbúum á Ísafirði þar sem óskað var eftir uppsetningu biðskýlis við stoppstöð strætisvagna bæjarins við Pollgötu og Seljalandsveg. Fjórðum mánuðum áður hafði bæjarráð lagt fram

bréf á fundi sínum frá Vígðisi Pálu Halldórsdóttur grunnskólanema á Þingeyri þar sem hún fór fram á að reist yrði biðskýli við Pollgötu. Bæjarráð tók undir óskir hennar og fól tæknideild bæjarins að hefja undirbúning að uppsetningu biðskýlis sem nú ári síðar er komið upp.



Atvinna

Starfsmaður (karlmaður eða kona) óskast í samsetningu á rafeindahlutum. Um er að ræða 50-70% starf. Hægt er að semja um sveigjanlegan vinnutíma. Viðkomandi þyrfti að geta byrjað sem fyrst. Reynslu ekki krafist. Ekki er um skammtímaráðningu að ræða.

Nánari upplýsingar gefa Guðjón eða Hákon í síma 456 6400.

Forseti og formaður endurkjörnir

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var Guðni Geir Jóhannesson endurkjörinn formaður ráðsins til eins árs. Birna Lárusdóttir var kjörin varaformaður ráðsins. Auk þeirra situr Lárus G. Valdimarsson í ráðinu og Magnús Reynir

Guðmundsson er áheyrnarfulltrúi. Á fundi bæjarsjórnar í síðustu viku var Birna Lárusdóttir endurkjörin forseti til eins árs, fyrsti varaforseti var kjörin Svanlaug Guðnadóttir og Bryndís Friðgeirsdóttir var kjörin annar varaforseti.

Kaffihlaðborð á Hrafnseyri alla sunnudaga í sumar

Sunnudaginn 3. júlí kl. 15:30 - 16:00 mun gestum gefast kostur á að hlusta á Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur frá Ísafirði spila á harmonikkuna sína.

Allir eru hjartanlega velkomnir!



Inga Á. Karlsdóttir tók um síðustu mánaðamót við starfi útíbússtjóra Landsbanka Íslands á Ísafirði. Brynjólfur Þór Brynjólfsson fráfarandi útíbússtjóri er á förum suður á Snæfellsnes eftir tíu ára starf á Ísafirði og tekur við sömu stöðu hjá bankanum í Ólafsvík. Áður en Brynjólfur kom til Ísafjarðar var hann í fimm ár útíbússtjóri Landsbankans á Bíldudal. Um næstu mánaðamót verður hann búinn að rýma embættisbústaðinn við Miðtún á Ísafirði og þá getur Inga flutt þar inn ásamt manni sínum og tveimur börnum.

Þegar lítið er inn til Ingu á skrifstofuna í Landsbankahúsinu á Ísafirði er einkum eitt sem vekur sérstaka athygli: Á veggnum á móti skrifborðinu eru myndir af tólf körlum. Útíbússtjórar Landsbanka Íslands á Ísafirði frá upphafi. Í hundrað ár og einu betur. Þeir fylgjast athugulur augum með eftirkomendum sínum. Tvær raðir þvert yfir vegginn. Sex í hvorri röð. Ekki laust við að svolítlum undrunarsvip bregði fyrir hjá sumum af körlunum gömlu þegar þeir virða fyrir sér ungu konuna í stólunum við borðið. Að vísu er eins og glettnissvipur í augunum á nýjstu myndinni. Myndinni af Brynjólfi Þór. Til þess að koma þrettánda myndinni fyrir, mynd af fyrstu konunni, verður augljóslega að búa til nýja röð. Kvennaröð? Kannski verða komnar þar tólf konur í tveimur nýjum röðum eftir hundrað ár og einu betur. Eða þar um bil.

Ekki er lengur nein föst regla um þann tíma sem útíbússtjóri hjá Landsbankanum er á hverjum stað. Gamla fimm ára reglan er úr sögunni. Enda hefði Brynjólfur þá verið löngu farinn. Hugsunin mun hafa verið sú, að forsvarsmenn útíbúanna yrðu ekki of tengdir eða nánir viðskiptavinunum. Reyndar var öðru nær ef lítið er til fyrsta útíbússtjórans á Ísafirði. Það var Þorvaldur Jónsson héraðslæknir, sem var að heita má allt í öllu á Ísafirði um áratugaskeið ásamt mágum sínum. Hann var forstöðumaður Sparisjóðs Ísafjarðar sem rann síðan inn í Landsbankann þegar útíbúið var stofnað á Ísafirði árið 1904.



Tólf karlar vaka yfir skri

– Inga Á. Karlsdóttir er fyrsta konan sem gegnir stöðu útíbússtjóra í Landsbanka Íslands á Ísafirði

Ingirður Ásta Karlsdóttir eins og hún heitir fullu nafni er frá Hafrafellstungu í Óxarfirði. Sumsé Norður-Þingeyingur líkt og Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari á Ísafirði. Verður fertug í desember. Karl Sigurður Björnsson faðir hennar er líka upprunninn í Hafrafellstungu en Laufey Bjarkadóttir móðir hennar er frá Litlu-Reykjum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Maður Ingu er Róbert Boulter fiskeldisfræðingur, sem á reyndar ættir að rekja hingað vestur á firði. Jón Björn Elíasson afi hans var fæddur í Bæjum á Snæfjallaströnd. Hann stofnaði sína fyrstu útgerð á Ísafirði og var líka einn af stofnendum Hvals hf., auk þess sem hann var einn af forgöngumönnum Slysavarnafélags Íslands. Jón Björn var einn níu systkina og var einn bróðir hans Jakob Rósinkar Elíasson í Bolungarvík. Inga telur líklegt að einhverjir afkomendur þessara systkina séu hér vestra. Börn þeirra Ingu og Róberts eru tvö, Róbert Karl, fæddur 1994, og Rakel Anna, fædd 2000.

Inga segir hlæjandi að slæmt sé að þurfa að viðurkenna, að hún hafi aldrei inn á Vest-

fjarðakjálkann komið áður en til þess kom að hún tæki við þessu starfi. Raunar hálf-skammtlegast að segja frá því. „En svona er það bara. Og betra er seint en aldrei. Það er lengi búið að standa til hjá mér að ferðast um Vestfirði en núna er tækifæri til þess.“

Fyrir síðustu mánaðamót þekkti Inga naumast nokkurn mann hér vestra. Eina tenging hennar hingað er sú, að Kristín Anna Bjarkadóttir, eiginkona Hafsteins Sigurðssonar, staðgengils útíbússtjóra í Landsbankanum á Ísafirði, er hálf-systir Laufeyjar móður Ingu. „Þær ólust ekki upp saman og ég þekki hana svo sem ekki mikið, en veit hvað hún er yndisleg kona og það verður gaman að kynna henni og þeim hjónum betur.“

Alltaf í Landsbankanum

Inga var í foreldrahúsum í sveitinni í Óxarfirði þangað til hún fór í Menntaskólann í Akureyri. Á þjóðhátíðardaginn í síðustu viku átti hún 20 ára stúdentsafmæli. Eftir stúdentspróf var hún eitt ár au-pair í Chicago „að passa gömul hjón“. Síðan fór hún í við-

skiptafræðina í Háskóla Íslands. „Ég fór þar að vísu ekki alveg beina braut. Tók dálítið hlé á því námi og velti fyrir mér öðrum greinum, meðal annars sálfræði, sem ég hafði líka áhuga á. Þá tók ég líka hlé á náminu til að ferðast um Ástralíu. Mig langaði til að skoða mig um í heiminum.“

Alla tíð frá því að Inga lauk prófi í viðskiptafræði árið 1992 hefur hún unnið hjá Landsbanka Íslands. Fyrst fór hún rakteitt á heimaslóðir í Norður-Þingeyjarsýslu og starfaði í útíbúi Landsbankans á Kópaskeri. Þar tók hún við stöðu útíbússtjóra árið 1996 og gegndi henni í þrjú ár. Eftir það var hún eitt ár í Reykjavík en fór síðan til Akureyrar. Í útíbúi Landsbankans þar var Inga á starfsstöð sem tilheyrði fyrirtækjasviði bankans í Reykjavík. Hún var í þeirri deild bankans sem fjallar um útlánamat og var eini starfsmaður þeirrar deildar með aðsetur úti á landi. Þetta starf fólst mikið í aðstoð við útíbússtjóra Landsbankans á Norður- og Austurlandi í málum sem voru viðameiri en þeirra heimildir leyfðu.

Flestir þekkja sameiginlegt svipmót húsa þeirra sem

Landsbanka Íslands byggði sér allvíða fyrir hálfri öld eða hvað það nú er eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins. Það er því fremur kunnuglegt fyrir Ingu að koma frá Akureyri að húsi Landsbankans á Ísafirði. Þó er Landsbankahúsið á Akureyri stærra eins og vænta má, fjórar hæðir, en Landsbankinn á Ísafirði er þrjár hæðir. Á Kópaskeri er bankinn hins vegar í gamla Kaupfélagshúsinu.

– Ertu búin að skoða allt Landsbankahúsið hér á Ísafirði? Allar vistarverur, króka og kima?

„Að mestu leyti. Þó eru væntanlega einhver leynd skot í kjallaranum sem ég hef ekki kynnt mér ennþá! Þetta er heilmikið hús.“ Og Inga veit nú þegar hvaða starf var á sínum tíma á efstu hæðinni í Landsbankanum á Ísafirði. Jafnvel þó að hún sé kona.

Að taka við af Brynjólfi

Brynjólfur Þór Brynjólfsson er þekktur að fleiru en bankastarfinu einu. Það hefur læst að ýmsum sá grunur að hann unni sér ekki síður úfinn og

krímugur upp fyrir haus við að gera upp fornþila en sléttgreiddur á kontórum með slífsi um hálsinn.

„Ég fer nú ekki í þau spor Brynjólfs í frítímanum, það er alveg á hreinu“, segir Inga. „Þegar maður er með lítil börn, þá fer mestur tíminn fyrir utan vinnuna í fjölskylduna og einhver fjölskyldutengd áhugamál.“

– Það leggst vel í þig að taka við af Brynjólfi þó að hann hafi verið mjög vinsæll, bæði sem maður og bankamaður?

„Já, það leggst vel í mig. Ég viðurkenni samt alveg að það verður ekkert auðvelt að fara í sporin hans. Brynjólfur hefur mjög þægilega framkomu og ég sá strax hvað hann er í góðu sambandi við fólk í hér og viðskiptavinina. Hann er hress og skemmtilegur félagi og það kæmi mér ekki á óvart að hans verði saknað. Það er svo mikið fjör í kringum hann. Sögurnar hans og allt.“

– Varstu kvíðin að taka við þessu starfi hér á Ísafirði?

„Í raun ekki fyrir starfinu. Frekar fyrir staðnum. Hérna er allt svo nýtt fyrir mér. Að þekkja hér eiginlega engan. Það var það erfiðasta við að

ákveða að koma hingað. En Róbert studdi mig mjög í þessu. Hann var og er mjög spenntur fyrir því að flytja hingað. Meðal annars hlakkar hann til að leita hér upprunans. Börnin eru líka búin að koma héra vestur og kíkja á staðinn og þetta leggst bara mjög vel í alla fjölskylduna.“

Lítið í félagsmálum

– Nú ætla ég að spyrja að einu sem líklega má ekki spyrja um. Og því síður svara ef svarið er já: Ertu pólitísk?

„Því er auðvelt að svara: Nei. Ég er ekki flokksbundin eða neitt slíkt. Hef aldrei verið í pólitísku starfi. En auðvitað hafa allir sínar skoðanir. Annars væri óeðlilegt.“

Inga kveðst ekki hafa verið mikið í félagsmálum. „Nema helst þegar við bjuggum á Kópaskeri. Þar er samfélagið smátt og við þær aðstæður fær maður ýmis störf í hendur.“

Þannig var Inga á sínum tíma formaður ferðamálasamtaka á norðausturhorninu sem heita Miðnætursólarhringurinn og kom þar að ýmsum ferðamálum. Líka rak hún ferðapjónustu í skólanum í Lundi í Óxarfirði sumarið

1995. Ekki í eigin nafni heldur fyrir Óxarfjarðarhrepp.

Hins vegar kveðst Inga ekki geta nefnt nein sérstök áhugamál utan starfsins og fjölskyldunnar. Reyndar brá hún sér um daginn í þriggja daga hestaferð. „Þó að ég geti ekki beinlínis státað af því að vera hestakona, þá hef ég gaman af því að fara á hestbak og vera úti í náttúrunni. Það er mikil hvíld í því að vera ótengdur við allt.“

– Þú ert ekki í golfi? Ísafjörður er draumastaður golfleikara. Tungudalurinn ...

„Nei, að minnsta kosti ekki enn. Strákarnir sem ég vann með fyrir norðan voru miklir golfáhugamenn. Ég sagði við þá að það kæmi ekki til greina að ég færi í golf fyrr en ég væri orðin fertug. Það er nú farið að stytast ískyggilega í það ...“

– Ég merki ekki þingeyskan uppruna þinn á nokkurn hátt á mæli þínu.

„Sumum finnst ég tala norðlensku en öðrum ekki. Reyndar er norðlenskan mun harðari sunnar og vestar en í Norður-Þingeyjarsýslu. Svo breytist kannski talandinn ósjálfrátt með tímanum þegar lengi er dvalið í Reykjavík.“

Hér má í þessu sambandi nefna tvo þekktu Norðlendinga sem störfuðu á Ísafirði og töluðu mjög eindregna norðlensku, þá Björn Teitsson frá Brún í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, fyrrum skóla-

„Já, miklum breytingum. Og að mínu viti að langmestu leyti til bóta. Ákvarðanatökuférlin hafa styst. Núna eru miklu styttri boðleiðir á milli útibúanna og æðstu stjórnenda bankans og allt miklu skilvirkara. Að flestu ef ekki öllu leyti hafa hinar miklu breytingar orðið til góðs, bæði fyrir bankann sjálfan og viðskiptavin hans.“

Fólk og fjöll á Ísafirði

– Ertu farin að kynna þér fólk fyrir utan starfsfólk bankans?

„Já, aðeins. Brynjólfur hefur verið duglegur að fara með mig og kynna mig fyrir stjórnendum helstu fyrirtækjanna og hjálpa mér að komast inn í lífið hérna. Ég er farin að þekkja þó nokkur nöfn og andlit.“

– Hér vestra er eiginlega nauðsynlegt að þekkja deili á helstu ættbálkum.

„Þar á ég mikið ólært!“

– Þú ert væntanlega ekki mjög vön bröttum alltumlykjandi fjöllum. Hvernig verkar umhverfið hér á þig?

„Alls ekki illa. Ég veit reyndar ekki hvort ég á að vera að segja það: Ég kveið svolítið fyrir fjöllum. Kveið svolítið fyrir staðnum. Já, ég viðurkenni það alveg. En eftir að ég kom hingað hefur yfirleitt verið mjög gott veður – sem mér er sagt að sé hér alltaf! – og fólk er svo elskulegt.“



fborðinu

viðtal: Hlynur Þór Magnússon

meistara Menntaskólans á Ísafirði, og Kristján Þór Júlíusson frá Dalvík, fyrrum bæjarstjóra á Ísafirði.

Konum fjölgar í stjórnunarstöðum

– Er mikið um konur í stjórnunarstöðum í Landsbanka Íslands eða í íslensku bönkunum yfirleitt?

„Þær eru nokkrar og fer fjölgandi“, segir Inga, en bætir við að þar hallist samt enn verulega á með kynjunum. „Í Landsbankanum eru 36 útibússtjórar, þar af 10 konur og nokkrar þeirra bættust í hópinn síðasta árið.“

– Ætli það sé meðvitað stefna hjá Björgólfi Guðmundssyni að fjölga konum í ábyrgðarstöðum í bankanum eða er þetta einfaldlega almenn þróun?

„Ég hreinlega veit ekki hvort það er meðvitað stefna hjá yfirstjórn bankans. En það má nefna, að yfir fyrirtækjarsviði Landsbankans erum við með alveg súperkonu, Elínu Sigfúsdóttur.“

– Finnur starfsfólkið fyrir miklum breytingum í störfum Landsbankans eftir einkavæðinguna? Og þá til bóta?

Það virðist vera svo gott mannlíf hérna að maður gleymir bara fjöllum. Það leggst mjög vel í mig að búa hér.“

– Bæði fólk og fjöllin hérna virðast stundum dálítið hvassbrýnd við allra fyrstu kynni. Jafnvel hryssingsleg á ytra borði, finnst sumum. Karlarnir dálítið hrjúfir. Stundum stórorðir og hávaðasamir. Menn eins og Konráð Eggertsson og Halldór Hermannsson og Magnús Arnórsson og miklu fleiri sem þú átt eftir að kynna. Menn sem þurfa ekki síma til að talast við milli fjarða. En óskaplega hlýir inni við beinið. Kellingarnir líka sumar hverjar. Fjöllin hér eru miklu mýkri en þau sýnast vera. Fólk líka. Hávaðasömu karlarnir líka. Og kellingarnir. Hérna eru góð fjöll og gott fólk.

„Ég býst við að ég getið verið sammála þessu! Hver veit nema það sé einhver samsvörun þarna á milli? Alls staðar þar sem ég hef komið hér hefur verið tekið mjög vel á móti mér. Ég hef meitt elskulegu viðmóti hjá öllum. Mun elskulegra en ég átti von á. Auðvitað bjóst ég alls ekki við neinum ruddaskap en samt hefur það komið mér á óvart

hvað fólk er einstaklega hlýlegt.“

– Ertu búin að koma í Gamla bakaríið? Eitt af elstu og merkilegustu fyrirtækjum landsins þar sem jafnframt er skyldumæting fyrir alla sem koma til Ísafjarðar? Gott ef ekki elsta fyrirtæki landsins

sem enn starfar en samt alltaf nýtt.

„Já, þar er mjög gaman að koma. Miðbærinn hérna á Ísafirði er mjög skemmtilegur. Það er gaman í ekki stærra bæjarfélagi að hafa svona kjarna.“

Það sem Ingu Á. Karlsdóttur

liggur einna mest á hjarta í spjalli okkar er að ítreka hvað allir hafi tekið vel á móti henni, bæði starfsfólk bankans og aðrir. „Fólkið hérna er svo opið og einlægt og sýnir áhuga á nýju fólki. Varðandi börnin er fólk að benda mér á að koma þeim í þetta og hitt. Gaman að

fá ný börn í hverfið.“
Peir eru enn að fylgjast með, karlarnir á veggnum á móti skrifborðinu. Ung kona komin í stólinn minn! Sumir eru dálítið hugs. Brynjólfur Þór brosir í kampinn. Eins og allir hinir verður hann þarna áfram þó að hann sé farinn.

Smáauglýsingar

Óska eftir hornsófa fyrir lítinn pening. Uppl. í sínum 456 6640 eða 866 6723.

Til leigu er 5-6 herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist með húsgögnum næsta vetur, þ.e. frá 1. sept. til 1. júní. Upplýsingar í síma 846 7490.

Óskum eftir 2-3 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í a.m.k. eitt ár. Reykleysi, reglusémi og skilvisum greiðslum heitið. Vinsamlegast hafið samband við Hjörðísi Evu og Orra Freyr í síma 864 0508 og 617 6932.

Svart sófasett úr leðurlíki, 3+1+1 fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 3605.

Til sölu er Opel Astra árg. 2000, ekinn 78 þús. km. Ný sumar- og vetrardekk fylgjja. Tilboð óskast. Uppl. í síma 846 7487 eða 863 1612.

Hvít kanína, eins árs gömul, fæst gefins. Kassavón. Uppl. í síma 456 3921 og 865 6383.

Óska eftir 4ra herb. íbúð eða stærri til leigu á Ísafirði í fjóra mánuði. Snrytmennsku og skilvisum greiðslum heitið. Uppl. gefur Trausti í síma 894 7287.

Til sölu er sem ný Canon D-300 stafræn myndavél. Uppl. í síma 893 2610.

Til leigu er bílskúr að Hlíðarvegi 9. Uppl. gefur Samúel í síma 696 2174.

Til leigu er 3ja herb. rúmgóð björt íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Uppl. í síma 849 8699.

Til sölu er Volvo 460 GL árg. 94. Bíll í þökalegu standi. Uppl. í síma 893 3609 eða 456 4180.

Alkahólismi er sjúkdómur. Ertu fullorðið barn alkahólísta? Er alkahólísti í fjölskyldunni? Al nok fundir eru á mánuðögum kl. 21 (húsið opnar kl. 20:30). Erum í litla gula húsinu við Eyrargötu. Verið velkomni!

Óska eftir handfrjálsum síma-búnaði í bíl. Maxon MX 2450 fyrir Maxon NMT 450i hand-síma. Uppl. gefur Kristján í síma 894 6424.

Óska eftir barnabílstól á reiðhjól 697 4371 og 697 4371.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Laus frá 1. júlí. Uppl. í síma 895 7151.

Óska eftir íbúð eða sumar-bústað á leigu vikuna 18.-25. júlí. Uppl. í sínum 554 1309 eða 898 7709.

Tvær ungar stúlkur óska eftir ísskáp, þvottavél og sjónvarpi fyrir lítinn pening eða gefins. Uppl. í síma 894 1892.

BB - Smáauglýsinga-síminn er 456 4560

Jónas Guðmundsson, formaður stjórnar Leiðar ehf.

Óskar eftir fundi vegna vegar um Arnkötuldal og Gautsdal



Jónas Guðmundsson.

Formaður stjórnar Leiðar ehf., Jónas Guðmundsson í Bolungarvík, hefur óskað eftir fundi með sveitarstjórnum við Djúp og í Hólmavíkurhreppi til að freista þess að hraða lagningu vegar um Arnkötuldal og Gautsdal. Sem kunnugt er hafa sveitarfélög á þessu svæði tekið vel í þá hugmynd að koma að fjármögnun og flýta með því framkvæmdum. Í nýsamþykktri vegaaætlun er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til vegarins fyrr en 2008 en þá eru 100 milljónir króna veittar til verksins.

Í bréfi Jónasar kemur fram að vinnu við umhverfismat vegarins sé nú lokið og Skipulagsstofnun muni næstu daga auglýsa eftir athugasemdum við matið. Jafnframt kemur fram í bréfinu að félagið hafi óskað eftir því við vegamála-stjóra að það komi áfram að undirbúningi vegagerðarinnar. Kemur og fram að samgönguráðherra hafi tilkynnt á heimasíðu sinni að hann hafi heimil- að Vegagerðinni að kaupa þá vinnu sem lögð hefur verið í veginn af félaginu og að Vega-gerðin vinni í framhaldinu að

hönnun vegarins á árunum 2006 og 2007 og framkvæmdir geti síðan hafist árið 2008.

Þá segir í bréfinu: „Af hálfu Leiðar ehf. er mikill vilji til að halda áfram undirbúningi verksins án tafa þannig að ljúka megi hönnun vegarins á þessu ári eða byrjun næsta árs. Síðan mætti bjóða verkið út og gæti það orðið þegar á næsta ári með fyrirvara um að fjármögnun tækist og þyrfti verkið ekki að taka nema rúmt ár, þ.e. tvö sumur og veturinn á milli.“ Þá segir einnig: „Það væri

mikill styrkur að því fyrir Leið ehf. að sveitarfélögin veittu félaginu allan þann stuðning við áframhaldandi vinnu að áformum sínum sem framast er kostur. Mjög bagalegt væri ef ekki mætti nýta samarið til áframhaldandi undirbúnings að vegagerðinni.“

Því er óskað eftir fundi þann 1. júlí með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem áhuga hafa á að hraða þessari framkvæmd. Bréfið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í gær og var bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

Sölu á hlut Vesturbyggðar í Sparisjóði Vestfirðinga frestað að sinni

Málið hugsanlega tekið upp að nýju með haustinu

Bæjarráð Vesturbyggðar hefur ákveðið að falbjóða ekki fundnfjáreign bæjarfélagsins í Sparisjóði Vestfirðinga að sinni. Þetta var ákveðið eftir fund ráðsins með stjórnendum sjóðsins á dögunum. Eins og fram hefur komið í fréttum lagði Sigurður Viggósson bæjarfulltrúi fram tillögu í bæjarstjórn um sölu hlutarins. Var tillögunni vísað til bæjarráðs. Í kjölfarið sagði Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar í samtali við blaðið að samstaða væri innan bæjarstjórnar um að kanna til hlítar möguleika á sölu.

Guðmundur Sævar segir að fundur bæjarráðs með stjórnendum sparissjóðsins hafi verið afar góður og þar hafi verið farið yfir stöðu sjóðsins og það mikla hlutverk sem hann gegnir á Vestfirðum. „Eftir að hafa farið vandlega yfir stöðu mála var ákveðið að slá þessum hugmyndum á frest en hugsanlega verður málið tekið aftur upp með haustinu“, segir Guðmundur Sævar. Hins vegar ákvað ráðið að verða ekki við tilmælum sjóðsins um að verja arði af stofnfé sínu til kaupa á viðbótar stofnfé. - hj@bb.is



Höfuðstöðvar Sparissjóðs Vestfirðinga á Þingeyri.

STAKKUR SKRIFAR

Að komast leiðar sinnar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og valið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Einhverjum kynni að þykja vera borið í bakkafullan lækinn að ræða umferð og þjóðvegi eina ferðina enn. Svo er ekki. Efnið er afar mörgum ofarlega í huga og nú er sá tími kominn að fjöldi ökutækja er einna mestur á vegum landsins. Árið er ekki hálfnað og þrettán hafa fallið í umferðinni. Ekki dugar það eftirlifendum til fordæmis. Hraðinn lætur ekki undan. Öllum liggur á. Kapp er best með forsjá. Bílar eru góðir og vel útbúnir, betur en hæfir mörgum ökumanninum og bensínfóturinn er þungur. Aldur og kyn skiptir litlu ef marka má fréttir. Allt of margir ökumenn skirrast ekki við að setjast undir stýri ölvaðir að lokinni natúrdrykkju eða án þess að hafa sofið úr sér. Hugarfarsbreytingu þarf.

Hraðinn er helsta orsök slysa í umferðinni. Hámarkshraði á Íslandi er mestur 90 km, miðað við hverja eigna klukkustund. Æði margir telja sig yfir lög hafna í þessu efni. En vegirnir veita ekki færi á meiri hraða og ökumennirnir ekki heldur. Gamall íslenskur málsháttur „Árinni kennir illur ræðari“ á því miður vel við. Of margir bílstjórar kenna vegunum eða öðrum aðstæðum um slysin, færð skyggni eða öðru tilfallandi. Sjaldan er litið í eigin barm þegar slysn verða.

Það þarf ekki að vera ófrávíkjandi lögmál að tveir menn láti lífið í orustunni sem háð er á þjóðvegum Íslands hvern mánuð ársins. Hver einasti

ökumaður getur haft áhrif. Fyrst og fremst þarf að ná hraðanum niður og virða þau mörk sem umferðarlög setja. Í öðru lagi verður að útrýma ölv-unarakstri. Það ætti að vera einfalt. En frétt um drukkinn ökumann á þjóðvegi eitt með tvö líti börn í bílnum sendir hroll niður bak okkar flestra. Ljóst er að refsingar og ökuleyfisvippting eru ráð sem ekki duga. Hvað er þá til ráða?

Hert eftirlit og þyngri refsingar virðast því miður eina ráðið á þá sem telja sig yfir lög hafna og virða samaborgara sína einskis úti á vegum. Flestir aka hóflega, en sjálfsagt aka þeir einhverntíma of hratt. En það er ekki nóg ef ökuníðingar „aka“ lausir. Saklausir gjalda þeirra oft. Refsingar og önnur viðurlög verður að herða. En það er þýðingarlast nema til komi aukin löggæsla. Í fréttum um daginn mátti skilja að samgönguráðuneytið hygðist standa fyrir hertu eftirliti í sumar. Gott er ef satt er.

Flest okkar viljum bara komast leiðar okkar ósködduð. Aðrir aka um, liggur mikið á og taka ekki tillit til neins, hvorki vegi né aðstæðna, hvað þá annarra í umferðinni. Er ef til vill mál til þess komið að það verði þáttur í ökukennslu að sýna nemum frá krufningu þeirra sem létu lífið í umferðinni? Þá myndu margir draga úr hraða og spenna beltin. Við viljum jú öll komast á leiðarenda.



Myndin var tekin við Holtastíg 11 á meðan á slökkvistarfi stóð. Mynd: Baldur Smári Einarsson.

Töluverðar skemmdir af völdum elds

Slökkvilið Bolungarvíkur var á föstudagskvöld kallað út að íbúðarhúsinu við Holtastíg 11. Þar hafði kviknað í djúpsteikingarpotti í eldhúsi. Slökkviliðið var ásamt lögreglu fljótt á vettvang og gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. Að sögn Jóns Bjarna Geirssonar aðalvarðstjóra í lögreglunni í Bolungarvík urðu talsverðar skemmdir í eldhúsi af völdum eldsins og einnig urðu reykskemmdir nokkrar í húsinu.

– hj@bb.is

Dýrafjarðardagar haldnir í fjórða sinn

Fjölskylduhátíðin Dýrafjarðardagar verður sett í garðinum Skrúði við Núp í Dýrafirði kl. 21 á föstudagskvöld. Þá mun séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur á Þingeyri minnst komu séra

Sigtryggs Guðlaugssonar að Núpi fyrir 100 árum.

Á miðnætti opna listsýningar í Hallargarðinum sem er við gistihúsið „Við fjörðinn“ á Þingeyri. Sýnd verða málverk og myndir eftir Dagrúnu

Matthíasdóttur, nema í Listaháskólanum á Akureyri, og skinnahönnun eftir Signýju Ormarsdóttur fatahönnuð.

Dýrafjarðardagar verða nú haldnir í fjórða sinn en hátíðin hefur vakið mikla lukku und-

anfarin ár. Þá var nýtt og veglegt útivistarsvæði í vikingastíl vígt með grillveislu sem á fimmta hundrað manns tóku þátt í. Stefnt er að því að bjóða upp á enn viðameiri dagskrá að þessu sinni. – halfdan@bb.is

Skíðafélagið fær heimild til framkvæmda á skíðasvæðinu

Íþrótt- og æskulýðsnefnd Ísafjarðarbæjar hefur heimilað Skíðafélagi Ísfirðinga að leggja í ýmsar jarðvegsframkvæmdir á skíðasvæðinu í Tungudal. Skíðafélagið leggur til fjármuni til verksins en nefndin heimilaði forstöðumanni skíðasvæðisins að vinna við verkið í vinnutíma

sínun.

Samkvæmt bréfi félagsins verður lokið mótun og sléttun lyftusporis í barnalyftu, gróðkursett verða skjólbelti og reistar snjóöfnunargirðingar á barnasvæði, lyftuspor við Sandfellslyftu verður mótað og sléttað enn frekar og einnig verður svigbakki á Miðfells-

svæðinu mótaður og sléttaður auk þess sem reistar verða þar snjóöfnunargirðingar. Einnig óskaði Skíðafélagið eftir því að bæjarfélagið legði fram 4,5 milljónir króna til jarðvegsframkvæmda á árunum 2006 og 2007 og vísaði nefndin þeirri ósk til gerðar fjárhagsáætlunar.

Þá hefur Skíðafélagið ákveðið að koma upp lýsingu á Miðfells svæðinu með fjárstuðningi fyrirtækja og einstaklinga og einnig hefur það ákveðið að leggja 500 þúsund krónur í rannsóknir á möguleikum á snjóframleiðslu í Tungudal.

– hj@bb.is

Sundlaugin á Suðureyri

„Aðsókn ekki nógu góð“

Aðsókn í sundlaugin á Suðureyri hefur ekki verið eins góð að undanförmu og á sama tíma í fyrra að sögn Ernu Guðmundsdóttur sundlaugarvarðar. „Aðsóknin hefur ekki verið nógu góð það sem af er sumri. Ég veit ekki hvort ástæðan sé að fólk átti sig ekki á sumaropnunartímanum eða hvort veðrið spili þarna inn í, en fólk virðist ekki fara í sund nema sólin skíní“, segir Erna.

Fimm almenningssundlaugar eru í þéttbýli á norðanverð-


um Vestfjörðum en sundlaugin á Suðureyri er sú eina undir berum himni og er því vinsæl meðal sóldýrkenda jafnt innlendra sem erlendra. „Eiðhvæð af ferðamönnum hafa sótt laugin en meirihluti sundlaugargesta eru þó heimamenn“ segir Erna.

Þess má geta að opnunartími laugarinnar á sumrin er frá kl. 9 til 21 á virkum dögum og um helgar er opið frá kl. 10 til 19.

– thelma@bb.is



Sundlaugin á Suðureyri.



Hér sjást tjarnirnar við Grundarstíg (nær) og Hafnarstræti (fjær). Mynd: Eiríkur Finnur Greipsson.

Vatnsleki myndaði tjarnir í húsagörðum

Mikill leki í vatnslögn á Flateyri, að líkindum í Túngötu, olli því að litlar tjarnir mynduðust í gördum húsanna við Grundarstíg 2 og Hafnarstræti 1 í síðustu viku. Garðar húsanna eru í gömlu skipshrói og þar af leiðandi mjög líklegir áfangastaðir vatns sem lekur á þessu svæði. Eiríkur Finnur Greipsson, íbúi á Grundarstíg 2, sagði starfsmenn Ísafjarðarbæjar á Flateyri hafa komist fljótt í veg fyrir lekann. – halfdan@bb.is

Dósamóttaka Endurvinnslunnar Aðalstræti 18, Ísafirði

Ágætu viðskiptavinir!

Opnunartími dósamóttökunnar er frá kl. 13-16 alla virka dag.

Athugið að 4.-15. júlí er lokað. Opnum aftur 18. júlí.

Minnu á rétta talningu umbúða:

Plast: 50 stk. í poka.

Ál: 100 eða 150 stk. í poka.

Gler: Frjálst, en minnu á að merkja pokana.

Sumarkveðja, starfsfólkið!



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hjálp við andlát og útför okkar ástkæra

Jörundur Sigurgeirs Sigtryggssonar Ísafirði

- Helga Sigurgeirsdóttir
- Eygló Harðardóttir
- Sigríður H. Jörundsdóttir
- Linda Jörundsdóttir
- Martha Jörundsdóttir
- Hjálfríður Guðmundsdóttir
- Runólfur Pétursson
- Hálf dán Óskarsson
- Guðmundur Geirdal
- barnabörn og barnabarnabarn



Súðavík.

Ný vatnsveita Súðavíkurhrepps

Talin ástæða mikillar frjósemi

Óvenju margar konur í Súðavíkurhreppi eru ófrískar um þessar mundir. Alls eru fimm konur vanfærar sem þýkir ekki lélegt í tæplega 200 manna sveitarfélagi. Raunar hefur frjósemi Súðvíkinga þótt í meira lagi undanfarin ár og hafa líkur verið leiddar að því að ný vatnsveita sem tekin var í notkun um aldamót eigi sinn þátt í því.

„Vatnsveitan er í raun einstök og ekki hægt að finna aðra sambærilega hér á landi“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. „Menn hafa haft á orði að hið nýja vatn okkar Súðavíkinga hafi átt sinn þátt í frjóseminni

sem hefur verið í meira lagi undanfarin ár. Sumar konur eru vart orðnar léttari þegar þær verða óléttar aftur, sem er náttúrulega mjög ánægjulegt og skemmtilegt“, segir Ómar Már.

Vatni Súðvíkinga er dælt í djúpar holur og þaðan upp aftur. Við það hreinsast vatnið og segir Ómar að þau sýni sem hafi verið tekin gefi til kynna að vatnið sé með því besta sem gerist. Þó vísindamenn væru eflaust fæstir tilbúnir að fallast á það að vatnsvinnsla sem þessi auki frjósemi er mikið um það rétt í Súðavík um þessar mundir.

– halfdan@bb.is



Björgvin (t.h.) ásamt nemendum sínum og þeim Jóhanni Torfasyni og Gísla Jóni Hjaltasyni hjá GÍ (t.v.).

Björgvin Sigurbergsson leiðbeindi ísfirskum golfurum

Golfnámskeið Björgvins Sigurbergssonar, margfalds Íslandsmeistara í íþróttinni sem haldið var á Tungudalsvelli á Ísafirði í síðustu viku gekk mjög vel að sögn leiðbeinandans. „Það hefur verið svolítið kalt, en það er allt í lagi. Völlurinn er góður, aðstaða öll er góð og mér sýnist þetta allt vera á réttri leið. Kyllingar á svæðinu eru finir, hér eru margir efnilegir strákar sem gætu orðið mjög góðir ef þeir verða duglegir að æfa sig“, segir Björgvin. – halfdan@bb.is



Við sjáum um:

- hellulagnir
- vegghleðslur
- steypu
- slátt
- eitrun
- plöntur
- og margt fleira

Ásel býður nú upp á vestfirskar hellur á góðu verði. Einnig gerum við allsherjar tilboð í garða, og þjónustusamninga við fyrirtæki og húsfélög

Kíkið á vefinn <http://www.asel.it.is>

Ásel
Garðvinna·múrverk·plöntur
Sindragötu 27 Sími: 456-4200

Faktorshúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði

Tímamótum fagnað

Hjónin Áslaug Jensdóttir og Magnús Alfredsson, húsa-smíðameistarar buðu til fagnadardag um helgina í tilefni af því að endurbótum á hinu 217 ára Faktorshúsi í Hæstakaupstað á Ísafirði er lokið. Fögnuðurinn fór fram í Faktorshúsinu á laugardag en þann dag voru tólf ár frá því að hjónin undirrituðu kaupsamning við Ísa-fjarðarkaupstað sem þá hafði átt húsið í 70 ár.

„Þetta var virkilega ánægjulegt. Þá varð sá óvænti endapunktur á málinu að Smári Haraldsson hélt ræðu en hann seldi okkur húsið fyrir 12 árum

og sonur hans Halldór flutti lög Jóns Laxdals tónskálds en hann bjó í húsinu í um 15 ár“, segir Áslaug. Gestum var boðið að skoða lokaáfanga endurbótanna, brúðarsvítuna, sem er lítil íbúð á efri hæð hússins sem leigð verður út. Brúðarsvítan er frá tvennum tímum og er annar hluti hennar frá 1788 er Faktorshúsið var byggt og hinn frá því að byggt var við húsið um 1830. Þá var boðið upp á veitingar og Halldór Smáráson lék á píanó.

Árið 1998 hófust viðamiklar endurbætur á húsinu. „Mjög ánægjulegt er að ná þessum

árangri. Magnús sá sjálfur um endurbæturnar og stýrði því verki. Endurbótum sem hófust fyrir sjö árum er lokið og tekur nú viðhald við. Kominn er tími á að gera ýmislegt á utanverðu húsinu“, segir Áslaug.

Faktorshúsið í Hæstakaupstað er með elstu byggingum á landinu, reist árið 1788 af Björgvinjarkaupmönnum eftir að einokun var létt af verslun á Íslandi. Húsið var fyrsta íbúðarhúsið norska verslunarstjórans (faktorsins) en síðar settust Danir að í húsinu og byggðu við það.

– *thelma@bb.is*



Rákel Magnúsdóttir við eina af lokarekkjunum í brúðarsvítunni.



Gestum var boðið að fagna tímamótunum í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað.

Markaðsdagur í Bolungarvík

Hinn árlegi Markaðsdagur í Bolungarvík verður haldinn um helgina. Verður hann stærrí en nokkru sinni og mun fögnuðurinn standa frá föstudagskvöldi til sunnudags. Í boði er fjölbreytt dag-

skrá. Stuðmenn ásamt Idolstjórnunni Hildi Völu Einarsson munu skemmta gestum. Þá kynna hinir svinsælu Strákar Stöðvar 2, þeir Sværrir Þór Sværriðsson og Auðunn Blöndal dagskrána og standa

fyrir uppkomum á milli atvinnu. Auk sjálfs markaðstorgsins verður meðal annars í boði fjölskyldugrill, varðeldur, brekkusöngur og hoppukastali.

– *thelma@bb.is*

Sigurður Ólafsson, óánægður íbúi við Hlíðarveg skrifar

Íbúar við Hlíðarveg sitja ekki við sama borð og aðrir

Hlíðarvegurinn er með fjölmennustu götum á Ísafirði, en ekki sú besta að mínu mati og það vantar mikið á. Gatan sjálf er öll marg sundurgrafín og holótt en það er kannski ekki það versta, heldur sú staðreynd hvað gatan er mjó og fá bílastæði við hana.

Ég bý yst á Hlíðarvegi og þar er ástandið verst. Ef gestur ber að garði á bíl er honum alveg ómögulegt að leggja bílnum í götunni. Gesturinn verður því að fara og það ofast bakkandi. Bílnum verður því að koma fyrir annars staðar og þá venjulega í staði sem einhver annar eða geyma hann við Hnífsdalsveg og labba þaðan. Síðan er jú auðvitað hægt að hætta við að heim-sækja fólk á Hlíðarvegi. Oft er gatan svo þétt skipuð af bílum að íbúar eiga oft í erfiðleikum með að komast til síns heima svo ekki sé talað um ef svo hittist á að sorpbíllinn er að athafna sig eða einhver annar stærri bíll. Þá verður maður að gjöra svo vel að bíða þangað til þeir fara. Það er kannski eðlilegt, eða hvað? Eins og allir vita er Hlíðarvegurinn svo mjór að þegar bíúid er að leggja bílum hálf þversum er nánast



Sigurður Ólafsson.

bíúid að loka henni fyrir umferð.

Ástandan fyrir því að fólk leggur bílum sínum hálf þversum er sú að víða eru engin bílastæði fyrir utan hús eins og Hlíðarveg 33. Því neyðist fólk til þess að leggja á þennan hátt þrátt fyrir augljósa hættu.

Ég er ekki viss um að slökkviliðið kæmist ferðar sinnar ef svo óheppilega vildi til að eldur yrði laus í húsum utarlega á Hlíðarvegi. Hver ætlar að axla ábyrgð á þeirri staðreynd? Á liðnum vetri var íbúum Hlíðarvegs sagt að byrjað yrði á framkvæmdum í götunni í sumar. Gatan yrði grafín upp og lagfærð. Jafnvel yrði

hún breikkuð og einnig væri búid að kaupa hús nr. 51 sem yrði rifid í vor. Á lóð þess yrðu gerð bílastæði og snúningspláss. Ekkert bólar á þessum framkvæmdum og það nýjasta sem heyrst hefur er að ekkert verði gert fyrir en á næsta sumri, ef eitthvað verður þá gert.

Á undanförmum mánuðum hefur margt ungt fólk flutt á Hlíðarveginn og hafa því mörg börn best í íbúahópinn. Við það hefur hætta aukist enda hefur bílum fjölgað og þeir stækkað og götuþlassið því minnkað ennþá frekar. Þurfa því íbúar fljótlega að biðja gesti sína að koma fótgangandi.

Ég lít svo á að íbúar við Hlíðarveg sitji ekki við sama borð og aðrir bæjarbúar hvað varðar aðkomu að húsum okkar og því vaknar sú spurning hvort íbúar eigi ekki rétt á niðurfellingu eða verulegum afslætti af fasteignagjöldum þar til ástandið hefur verið lagað. Neyðast íbúar Hlíðarvegs kannski til þess að stofna hagsmunasamtök og láta þau sækja rétt íbúanna gagnvart bæjar-yfirvöldum?

Sigurður Ólafsson.

Fasteignasala Tryggvi Guðmundsson hdl.

www.tg.is

| | | |
|--|--|--|
| <p>TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL Hafnarstræti 1 – Ísafirði Sími: 456 3244 Fax: 456 4547 Netfang: etgnr@tg.is Helmasíða: www.tg.is</p> <p>Einbýlishús:</p> <p>Bakkavegur 4b Hnífsdal: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppgert ásamt nýrri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr.</p> <p>4-6 herbergja íbúðir:</p> <p>Sundstræti 29: 133 m² fimm herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Verð 3,0 m.kr.</p> <p>Sundstræti 31 íbúð 1: 99 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara. Verð 4,5 m.kr.</p> <p>3ja herbergja íbúðir:</p> <p>Túngata 21: 94 m² þriggja herbergja íbúð með 40 m² hlígeymslu í þrjúbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.</p> | <p>Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!</p> <p>Sölgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrjúbýlishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,0 m.kr.</p> <p>Sillfurgata 11: 55 m² íbúð, gölfmötur er ca. 90 m² undir súð, mikið rými í risi. Verð 5,8 m.kr.</p> <p>2ja herbergja íbúðir:</p> <p>Hlíf 1, íbúð 301: 57 m² tveggja til þriggja herbergja íbúð á Hlíf 1. Verð 6,0 m.kr.</p> <p>Eyrgata 3: 59 m² tveggja herbergja íbúð í þrjúbýlishúsi. Verð 3,5 m.kr.</p> <p>Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.</p> <p>Atvinnuhúsnæði Fyrirtæki:</p> <p>Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.</p> <p>Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarvæði. Stórt og rúmgott smíðaverkst. með skrifstofuást. Tilboð óskast.</p> <p>Bolungarvík:</p> <p>Vitastígur 1: Fullbúinn 243 m² veitingastadur á neðri hæð og 291 m² gæstheimili á efri hæð. Tilboð óskast.</p> <p>Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum. Verð 20 m.kr.</p> | <p>Þingeyri:</p> <p>Adalstræti 23: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. Verð 4,5 m.kr.</p> <p>Suðureyri:</p> <p>Sættún 1: 190 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Verð 8,2 m.kr.</p> |
|--|--|--|

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Mjög gefandi að geta bjargað lífi

Margrét Katrín Guðnadóttir dýralæknir leysir héraðsdýralækninn á Vestfjörðum af í sumar. Margréti þekkja Ísafirðingar vel en hún er yngst barna þeirra hjóna Guðna Ásmundssonar og Sigrúnar Vernharðsdóttur. Hún er nú komin aftur á bernskuslóðirnar ásamt tveimur börnum sínum, Helenu Jakobínu og Ólafi Vernharði. Eftir nám í Danmörku settist hún að í Borgarfirði ásamt Jóni Arnari Sigurþórssyni manni sínum og dóttur sinni en fyrir hálfu ári eignuðust þau soninn. Blaðamaður Bæjarins besta ræddi við Margréti Katrínu um starfið og fékk að fylgjast með henni að verki þegar hún gælti tvo föla.

„Ég leysi Sigríði Sigurjónsdóttur héraðsdýralækni á Vestfjörðum af til fyrsta ágúst. Sú ákvörðun var tekin frekar snögglega þar sem enginn annar fékkst til að leysa hana af. Ég gerði því hlé á mínu fæðingarorlofi til að koma vestur. Í fyrsta sinn sem ég leysti dýralæknirinn á Vestfjörðum af var sumarið áður en ég útskrifaðist úr námi 2001. Síðan hef ég leyst Sigríði af annað slagið. Alltaf finnst mér jafn gott að koma og fá að vera aðeins heima.“

Ég starfa sjálfstætt sem dýralæknir í Borgarnesi en hef verið í samstarfi við héraðsdýralæknana í Borgarfirði og í Búdardal, ekki sem starfsmaður heldur til móts við þá.

Mig dreyndi að verða dýralæknir frá því að ég var lítil stelpa. Sagði mömmu og pabba meira að segja að ég ætlaði að verða dýralæknir í Borgarfirði þegar ég yrði stór. Ég átti samt ekkert endilega von á að það myndi rætast. Ég hef alltaf verið heilluð af borgfirsku feðurum mínum og dáðist að henni í hvert sinn sem ég fór þar um. Ég frétti svo af því að héraðsdýralæknirinn í Borgarfirði væri að leita að dýralækni á svæðið til að létta undir með sér og ákvað að grípa tækifærið. Ég vann tvo daga í viku í Búdardal og tvær helgarvaktir í mánuði og síðan tvo daga eina helgi. Samstarfið við dýralæknirinn í Borgarnesi datt svo upp fyrir og nú starfa ég þar alfarið sjálfstætt. Mér líkar mjög vel að búa í Borgarnesi enda er ég svo mikil dreifbýlistúta.

Ég lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinar- og Landbohøj-skole eða Hinum konunglega dýralækninga- og landbúnaðarháskóla í Danmörku árið 2002. Þar var mjög gott að vera og stúdentagardarnir sem ég bjó á voru eins og lítið þorp. Maður hittir kunningja og kollega úti í búð og vinir manns bjuggu skammt frá. Á þeim sex árum sem ég var í skólanum voru þar 18 Íslendingar í dýralækningum. Þegar ég sótti um námið voru um 1500 umsækjendur og af þeim fengu 200 inngöngu. Námið

er ekki í boði á Íslandi enda er það mjög dýrt. Sagt er að það kosti um 5 milljónir danskra króna fyrir hvern útskrifaðan dýralækni. Kaupa þarf mörg sérhæfð tæki og útbúnað auk þess sem það kostar pening að fá skepnur sem nemarnir fá að spreya sig á að lækna og kryfja. Maður kæmist ekki í þann tækjabúnað eða aðstöðu hér á landi sem er í boði í Danmörku nema með milljarða króna útgjöldum. Það mundi varla borga sig fyrir um kannski 20 nemenda árgang.“

– Hefur þig alltaf langað til að verða dýralæknir?

„Já, mamma segir að ég hafi ákveðið að verða dýralæknir þegar ég var fjögurra ára gömul. Það var ekki aldrei hægt að gefa mér neinar dúkkur því ég skar þær allar upp og saumaði aftur saman. Mig langaði alltaf til að verða dýralæknir. Ég held að það sé eitthvað sem mér var ætlað.“

Skurðlækningar heilla mig mest í starfinu. Í mínum draumaheimi myndi ég sérhæfa mig í skurðlækningum og starfa við þær. En hér á Íslandi er maður svolítið búinn að mála sig út í horn ef maður ætlar eingöngu að starfa við skurðlækningar. Það er þó draumur minn.

Fjölbreyntin er það sem heillaði mig við starfið þegar ég var í menntaskóla og velti fyrir mér hvort ég ætti frekar að fara út í læknisfræði. Sem dýralæknir fær maður að fást við svo margt. Á móti kemur að maður er ekki sérfræðingur í neinu þó maður lesi sér ef til vill meira til um þá þætti starfsins sem manni finnst áhuga verðastir. Hægt er að sérhæfa sig t.d. í hestum eða smádyrum. Nokkrir fagdýralæknar eru á Íslandi og flestir eru á höfuðborgarsvæðinu. Ekki væri nú sniðugt að vera dýralæknir á Ísafirði og vera eingöngu hestasérfræðingur, það myndi ekki ganga upp.

Á einum vinnudegi hjá mér gæti ég byrjað á því að gelda tvo föla, svo drægi ég þrjár tennur úr hundi, geldi kótt og gerir keisaraskurð á kú. Starfið er ofsalega fjölbreytt og gefandi. Ég gæti ekki hugsað mér



Margrét Katrín gælti tvo föla í Bolungarvík. Annar þeirra var veturgamall en hinn tveggja vetra. Aðgærdarnar heppnuðust báðar vel.

að starfa við neitt annað.“

– Hver er munurinn á því að starfa á Vestfjörðum og í Borgarnesi?

„Vestfjörðum þarf að sinna á annan hátt en mörgum öðrum svæðum því svæðið er svo víðfeðmt. Maður keyrir ekki Barðaströndina í dag og svo á Hólmavík á morgun og á meðan er enginn á Ísafirði. Það eru tvær dýralæknastöður á Vestfjörðum en það er einungis ráðið í aðra til þess að spara pening. Frekar er horft á íbúafjöldann heldur en stærð svæðisins og hversu mikla keyrslu þarf til að sinna því. Á veturna er oft ekki einu sinni möguleiki að keyra yfir á Barðaströnd til að sinna veikri kú. Dýralæknirinn þarf þá að senda lyf með flugi og gefa leiðbeiningar í gegnum síma.“

Þannig er það nú líka þegar ég er heima í Borgarnesi og á vakt í Búdardal. Ég gæti fengið útkall frá Reykholum og þurft að keyra 160 km til að komast á staðinn. Enda er það landlægur sjúkdómur dýralækna að koma nær aldrei á réttum tíma. En það er þó ekki okkur að kenna, við komum kannski á bæ til að lífa á eina kú með sjúgurboilu og endum á því að skóga fimmm kíló til viðbótar þar sem maður er kominn á staðinn. Ég hef lent í því að vera 4-5 tímum of sein en þá er maður bara duglegur að hringja og láta vita af sér. Oftast skilja bændur og hestamenn það alveg. En þegar um líf og dauða er að ræða, þá fer maður frá því sem verið er að gera til að sinna því. Maður verður bara að koma aftur til að klára það sem þolliði bið.“

Ég lenti einu sinni í því að hestur skar sig mjög illa og ég var að sinna honum þegar ég fékk tilkynningu um að kúr væri með doða. Hann er mjög alvarlegur sjúkdómur og getur dregið kúr til dauða. Ekki var hægt að bjarga kúnni þó hún næði að tóra í nokkra daga. Hvort það var tímanum að kenna eða einhverju öðru er erfitt að segja til um. Alltaf er

leiðinlegt þegar það kemur fyrir.“

Lögreglunni finnst gaman að fylgjast með mér þegar ég er að þeysast um á milli staða. Mér hættir til að keyra stundum of hratt. Ég sagði nú eitt sinn að maður ætti að fá gult, blikkandi ljós á bílinn þegar maður þyrfti að flýta sér. Lögreglumennirnir voru nú ekki sammála mér og einn þeirra sagði eitt sinn við mig að þetta væru einungis dýr. Þó ég væri ekki sammála þeim rökum, þá er maður ekki tilbúinn að hætta sínu eigin lífi til að bjarga dýri. Sérstaklega ekki núna þegar maður á fjölskyldu sem maður vill komast heim til heill á húfi.“

Eitt sinn stöðvaði lögreglu-maður mig þegar ég var á um 90 km hraða á þjóðvegnum og spurði mig hvort þetta væri spurning um líf eða dauða. Ég var á leiðinni í sláturhúsið í Króksfjarðarnesi svo ég svaraði: Ekki spurning um mikið líf en alveg helling af dauða. Honum stókk ekki einu sinni bros á vör og fannst þetta ekkert fyndið.

Yfirleitt er mjög gott samstarf á milli lögreglunnar og dýralækna. Það sem er svo gefandi við þetta starf er að geta bjargað lífi. Ég segi stundum við manninn minn, sem er lögreglumaður, þegar ég kem heim úr vinnunni: Jæja, ég er búin að bjarga fjórum lífum í dag. En þú? segir Margrét Katrín og hlær góðlátlega.

– Er starfið ekki andlega erfitt?

„Ég er alltaf miður mín ef ég missi dýr en maður þarf að brynja sig fyrir þessu í starfinu, til dæmis þegar þarf að aflifa dýr. Ég reyni að taka starfið sem minnst með mér heim. Oft finnst mér meira fyrir því á Ísafirði þar sem ég nánari fólkinu og maður þekkir flesta í bænnum, að ég tek málin meira inn á mig. Ég upplifi tilfinningar dýranna í gegnum fólkíð. Ég finn mun á því hversu mikið meira ég tek hlutina inn á mig á Ísafirði heldur en í Borg-



Margrét Katrín með börnunum sínum tveimur, Helenu Jakobínu og Ólafi Vernharði.

arnesi. Óneitanlega er erfðara ef kunningjar eða vinir lenda í brasi með dýrin sín og maður er að reyna hjálpa þeim. En þetta kemur með tímanum. Strax í skólanum byrjaði maður að brynja sig fyrir þessum hlutum. Maður heyrir oft að fara út í þetta starf hætti við það vegna þess að það getur ekki hugsað sér að aflifa dýr. Það er eitthvað sem maður kemst yfir eiginlega strax í náminu. Auðvitað er það erfitt fyrst, ég held að ekki einn einstasti sammamandi minna hafi ekki átt erfitt með að aflifa í fyrstu. Maður lærir að lífa með því. Ég hef þó lent í mjög erfðum tilfellum sem maður tekur mjög nærri sér. Ég vil alls ekki verða ónæm fyrir því, ég mundi ekki vilja vera þannig manneskja.“

– Er sumarið ekki annasamasti tíminn hjá dýralækni?

„Nei, reyndar er það rölegasti tíminn. Í Borgarfirði og Búdardal er mjög strembið tímabil frá miðjum maí til miðs júní en þá er saubundur. Þá fer mestur tíminn í að hjálpa kindum að bera og gera keisaraskurð á þeim sem þurfa. Mjög gaman er að geta hjálpað kind sem er sárkvalin og ná út kannski tveimur lífandi lömbum. Að meðaltali geri ég um 20 keisaraskurði á vori.“

Frá september til desember er mjög annasamur tími. Bæði stendur þá yfir slátrun og

kýrnar eru að koma inn eftir að hafa verið úti á sumrin. Alls konar kvillar hrjá þær og auk þess bera þær mest á þessum tíma. Einnig er mjög gaman að hjálpa þeim að bera. Ég býst við að ég geri keisaraskurð á fjórum til sex kúm á ári. Þennan tíma þarf einnig að bólusetja öll ásetningslömb við garna veiki því verið er að reyna að útrýma henni á Íslandi. Maður er þá að bólusetja fleiri þúsund lömb sem er mikið starf. Svo er aftur rólegt eftir áramót.“

Dýr eiga við flesta sömu kvilla að stríða og mannfólkið. Þau eru einnig farin að fá þessa lífsstílskvilla eins og offitu. Ég sé það mjög mikið hjá hundum og köttum. Dýr fá einnig krabbamein og í Bandaríkjunum er byrjað að lækna dýr við því. Ég er nú ekki mjög hlynnt því þar sem það er ofsalega kvalarfullt ferli sem fylgir því, í lyfjagjöfni er verið að dæla eitri um æðar þeirra til að vinna á meininu. Þau hafa ekki skilning á því að það sé vont núna en muni lagast eftir nokkra mánuði. Þau lifa bara í núnu. Mér finnst það alltaf vera spurning hversu langt maður á að ganga í þessum efnum. Við höfum val um að leyfa þeim að kveðja og vera laus við sársauka“, segir Margrét Katrín, samúðarfulli dýralæknirinn sem aðstoðar dýr og eigendur þeirra á Vestfjörðum.– *thelma@bb.is*

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
29. júní, 182. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1912 hóf Nýja bíó kvikmyndasýningar á Hótel Íslandi. Það flutti síðar í Lækjargötu.

Pennan dag árið 1941 sókkti þýskur kafbátur flutningaskipinu Heklu sem var á leið frá Íslandi til Bandaríkjanna. Fjórtnán fórust en sex var bjargað af fleka eftir rúma tíu sólarhringa.

Pennan dag árið 1960 sökk flutningaskipið Drangajökull í Pentlandshafi við Skotland. Mannbjörg varð.

Pennan dag árið 1980 var Vigdís Finnbogadóttir, 50 ára leikhússtjóri kjörin forseti Íslands. Hún hlaut 34% atkvæða, Guðlaugur Þorvaldsson 32%, Albert Guðmundsson 20% og Pétur J. Thorsteinsson 14%.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 30 árum



216 nemendur sótt Húsmeðraskólann Ósk

Starfsemi Húsmeðraskólans á Ísafirði lauk um miðjan maí síðastliðinn. Kennsla hófst með grænmetisnámskeiði 15. september, en samtals voru þau þrjú í röð. Þá var haldið sláturnámskeið og síðan námskeið í gerbakstri og smurðu brauði, en annað slíkt námskeið var haldið í byrjaðan maí. Öll voru þessi námskeið stutt, viku hvert, en vonandi hafa þau verið góður stuðningur við húsreytur og aðra þá sem áhuga höfðu á að kynnast þessum greinum matreiðslunnar. [...]

Félagið Hjartavernd á Ísafirði tók á leigu efstu hæð skólans fyrir félagið í sumar vegna allviðtækrar skoðunar á fólki úr Vest- og Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hófst í maí síðastliðinn og stendur til ágústloka. Á vetri komanda er ætlunin að halda 3ja og 5 mánaða námskeið í hússtjór- og handvinnugreinum í Húsmeðraskólanum.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og dálítill rigning eða skúrir, en léttir til á Norðausturlandi. Áfram fremur hlýtt.

Horfur á laugardag:

Hæg austlæg átt og bjart með köflum. Hiti breytist lítið.

Horfur á sunnudag:

Gengur í norðaustanátt með rigningu á austanverðu landinu, en annars þurr að mestu. Kólnandi veður.

Horfur á mánudag:

Útlit fyrir norðlæga átt með vætu víða um land, en fremur svölu veðri.

● Spurning vikunnar

Ertu sátt(ur) við fyrirhugað hundabann í miðbæ Ísafjarðar?

Alls svöruðu 699. – Já sögðu 327 eða 47% – Nei sögðu 336 eða 48% – Hlutlausir voru 36 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Skúli Ólafsson, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Allir alsælir með Óshlíðarhlaupið

„Óshlíðarhlaupið fór fram á laugardag og var alveg frábært. Þetta var mjög gott hlaup undir forystu Bobba (Kristbjörns Sigurjónssonar) og einstaklega vel skipulagt, hvort sem það voru vinningar, verðlaun eða framkvæmdir. Dagskráin stóðst alveg og þetta var yfir höfuð alveg meiriháttar góður dagur. Ég held að allir hafi verið alsælir

með þetta hlaup. Þátttakendur voru nálægt 100. Ég hljóp 21.1 km sem er hálfmararönn og hélt sama tíma og í fyrra. Ég ætlaði nú reyndar að reyna bæta mig en það voru önnur skilyrði núna og flestir döludu aðeins í tíma. Það var mótvindur en annars mjög fínt veður.

Á Silfurtorgi að hlaupi loknu myndaðist alveg frábær

stemning. Alma Frímansdóttir var á hljóðnemanum og kynnti hlauparana er þeir komu í mark. Þá fór fram verðlaunaafhending. Veittur var fjöldinn allur af útdrátarverðlaunum og flestir fóru með heim með einhver verðlaun. Einnig voru veitt sigurveðlaun fyrir hópa og einstaklinga. Reglulega fínt hlaup og góður dagur.“



Auður Björnsdóttir hundapjálfari finnst það róttæk hugmynd að banna strax hundahald í miðbæ Ísafjarðar.

„Hlýtur að vera hægt að leysa málið á annan hátt“

Hundahald á Ísafirði er í endurskoðun og eru hugmyndir uppi um að innan tíðar verði óheimilt með öllu að fara með hunda um miðbæ Ísafjarðar, það er að segja Hafnarstræti neðan Mánagötu, um Silfurtorg eða Aðalstræti ofan Skipagötu. Er það liður í endurskoðun samþykktar bæjarins um hundahald sem nú er til umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar.

Málið hefur vakið mikla athygli og eru skiptar skoðanir

um hvort hugsanlegt bann eigi rétt á sér. Bæjarins besta fékk Auði Björnsdóttur, hundapjálfa og eiganda til að segja sína skoðun á málinu.

„Mér finnst það heldur röttæk að fara beint í að banna hunda í miðbænum. Fyrst myndi ég myndi setja einhver viðurlög við því óþrífnaði eftir hunda. Þá hefði mér fundist mun sniðugra að boða til fundirar með hundaeigendum og reyna að finna lausn saman áður en bann yrði sett á borðið.“

Ég hef tekið eftir því að mest eru það börn sem eru að ganga um miðbæinn með hunda, og í flestum tilfellum eru það þau sem þrifa ekki upp eftir dýrin. Þau eru náttúrulega bara börn og hundaeigandi þarf að brýna fyrir þeim að þrifa upp eftir hundana og láta þau hafa poka til verksins. Það er ábyrgðarhlutverk að eiga hunda og oft skilja börnin ekki að fullu hvað felst í þeirri ábyrgð“, segir Auður.

Undanþegnir banninu verða hundar sem notaðir eru við

löggæslu- eða björgunartörf og aðstoðarhundar sjúkra og/ eða blindra einstaklinga. Auður hefur tekið að sér að þjálfna slíka hunda.

„Bannið myndi ekki snerta mig persónulega þar sem allir hundarnir mínir falla undir undanþáguskilyrðin. Þannig séð gæti ég því gengið niður í bæ með hundana þótt bannið yrði að raun, en mér finnst það ósanngjarnt. Þó hef ég enga trú á úr því verði. Það hlýtur að vera hægt að leysa úr þessu á annan hátt“, segir Auður.

● Uppáhalds staðurinn · Sigríður Guðjónsdóttir, íþróttafraeðingur á Ísafirði

Gott að slappa af í sumarbústað

„Ætli ég verði ekki að segja að uppáhaldsstaðurinn minn sé sumarbústaður fjölskyldunnar í Mjóafirði í Hörgshlíðarlandi. Ég reyni að fara þangað einu sinni til tvísvar á ári. Það er svo gott að komast þangað og slappa af. Enginn sími eða sjónvarp, ekkert áreiti.



Við keyptum bústaðinn tilbúinn fyrir nokkrum árum og fluttum hann inn í Mjóafjörð. Þar er mjög fallegt. Ég ætla svo sannarlega að fara þangað í sumar og verð að finna til þess einhverja góða helgi,“ sagði Sigríður Guðjónsdóttir, íþróttafraeðingur á Ísafirði í samtali við blaðið.



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

Vínbannið

Ólafur Hannibalsson bjó um tíma í Selárdal í Arnarfirði og var þar í nábýli við Gísla á Uppsölum. Gísla heitinn þekking margir úr sjónvarpsþáttum Ómars Ragnarssonar. Einnig hefur verið skrifuð um hann bók. Gísli var einbúi, fór ekki troðnar slóðir og fylgdist lítið með fréttum. Eitt sinn um vetur hafði Gísli sleppt fé sínu í fjörubeit. Þegar líða tók á daginn gerði hveill með talsverðri snjókomu og roki. Ólafur sá til Gísla þar sem hann var á leið að sækja féð. Gamli maðurinn var orðinn lélegur til gangs og stóð ekki á móti rokinu. Hraktist hann undan veðrinu, lenti loks á girðingu og sat þar fastur. Ólafur hljóp út á peysunni og tókst honum við illan leik að koma gamla mannum til sín inn í bæ. Voru báðir nokkuð kaldir og hraktir og hitaði Ólafur kaffi. Síðan dró hann upp brennivinsflösku og bauð Gísla að súpa á. Gísli horfði tortryggin á Óla og spurði svo: Er ekki vínbannið ennþá?

„Hlýtur að finnast eitt-hvert notagildi fyrir húsið“

Örn Ingólfsson, tæknifraeðingur á Ísafirði, tók að sér að bjarga gamla skíðaskálanum Skíðheimum á Seljalandsdal frá niðurrifi síðasta vetur stendur nú í lagfæringum á húsinu. Skíðheimar voru reistir á árunum 1931 til 1932. Svígskiðaiðkun fluttist alfarið yfir í Tungudal þegar lyftumannvirki á Seljalandsdal eyðilögðust í snjóflóði öðru sinni á áratugnum í mars árið 1999. Eftir það fór skálinn í niðurmíðslu.



Skíðheimar eru mjög illa farnir og ætla Örn að nota sumarið í lagfæringar á húsinu.

„Ég ætla að nota sumarið í að lappa upp á það svo það líti þokkalega út að utan. Meiningin er að hreinsa húsið að utan og mála það í sumar. Í millitíðinni er ég að leita að tillögum til nýtingar á húsinu“, segir Örn.

„Málið fór í þann farveg að menn sáu enga aðra leið færa en að farga húsinu. Ég sé þó

engna ástæðu til þess og það hlýtur að vera hægt að finna eitthvert notagildi fyrir húsið. Einnig þarf að skipta um rúður í gluggum sem einhverjir samborgarar mínir brutu til að komast inn skipta.

Ég sé ekki hvaða ástæðu fólk hefur til þess og skal glaður opna fyrir hverjum þeim sem vill komast inn. Þá þarf að koma innmat hússins í lag. Húsið er mjög illa farið og mikið sem þarf að laga. Ég sé

þó enga ástæðu til að brenna húsið þó ekki sé nema vegna þess að þetta er eini skíðaskálinn Seljalandsdal sem hefur staðið af sér öll snjóflóð. Málið fór í þann farveg að menn sáu ekki aðra leið færa en að láta

húsið hverfa. Það hlýtur þó að finnast notagildi fyrir það og ef einhver hefur góðar hugmyndir þá eru allar hugmyndir vel þegnar“, segir Örn Ingólfsson, tæknifraeðingur á Ísafirði.

● Brennslan mín · Snorri Örn Rafnsson, bifreiðastjóri hjá Eimskip á Ísafirði

Gullmolar frá níunda áratugnum

Fyrst það er svo mikið Eighties æði í gangi þá fannst mér alveg tilvalið að velja alvöru tónlist frá þeim tíma í þessa brennslu. Með það í huga þá leit ég yfir plötusafnið mitt og fann þessa líka gullmola út um allt.

segja frá því að sú plata, ásamt live plötu sem kom út í takmörkuðu upplagi árið 1984 eru að koma út saman á geisladisk. Verulega eigulegur gripur fyrir alla þá sem fíla fráhrindandi tónlist.

5. The final Conflict – Conflict

Þarna erum við komin í alvöru pönk frá Englandi. Reiðir ungir menn að spila reiða tónlist. Gerist ekki mikið hrárra en þetta. Virkilega gaman að hlusta á þessa tónlist og skoða textana þeirra.

6. Teenage Time Killer – Rudimentari Peni

Þeir rétt sleppa inn í eighties þemað, en fyrsta stóra platan þeirra kom út 1989 minnir mig. En Teenage Time Killer kom út aðeins fyrr á lítilli plötu. Frábær hljómsveit sem spratt undan pönkbylgjunni, undir áhrifum frá til dæmis Conflict, en kannski sérstaklega Crass. Ekki mjög þægileg tónlist, en þeir frábær engu að síður. Tilrauna-kennd og draugaleg.

7. Nineteen eighty bore – Crass

Christ – The Album er sennilega ein áhrifamesta pönk plata sem hefur komið út. Er allavega mjög ofarlega á listanum. Og

Crass er náttúrulega ein áhrifamesta pönk hljómsveitin. Ég hef alltaf haft mjög mikið álit á þeim og hlustaði mikið á þá í gamla daga. Verslaði allar plöturnar þeirra, enda fylgdu alltaf svo geggiuð plaköt með þeim sem fóru öll upp á vegg í herberginu mínu, móður minni til mikillar hrellingar.

8. Stay One Jump Ahead – Killing Joke

Umtalsvert mýkra pönk en til dæmis Crass, en pönk engu að síður. Þessi hljómsveit hefur þá bara framyfir crass að þeir eru færir hljóðfæraleikarar og leggja meiri áherslu á gæði tónlistarinnar. Tónlist framyfir boðskapinn. Þetta lag er af plötunni Outside the gate sem kom út 1988, og er því miður eina platan sem ég hef verslað mér með þeim, en er engu að síður í miklu upphaldi hjá mér.

9. La Folie – Stranglers

Af plötunni La Folie sem kom út 1981. Ein besta plata þessarar frábæru hljómsveitar.



Snorri Örn Rafnsson.

Þetta er rólegt og fallett lag, sungið á frönsku og einhverntíman var mér sagt að það fjallaði um mann sem elskaði konuna sína svo mikið að hann át hana. Held líka að La Folie þýði geðveiki.

10. Somewhere over the rainbow – Negativland

Verð bara að láta þetta fylgja með í lokin. Þetta er sum sé um sex ára stúlka að reyna að syngja þetta lag með engum undirleik, en með brjáláðan hiksta. Endalaust fyndið.

1. Kill the poor – Dead Kennedys

Lengi lifir í gömlum pönk glæðum. Jello Biafra og co hafa lengi vel verið í miklu uppáhaldi hjá mér og ég þykist eiga allar plöturnar þeirra á vinyl, auk þess sem ég á flestar af spöken word plötunum hans Biafra, sem eru snilldin ein líka. Ein af mínum stærstu stundum var þegar ég fór að hlusta á hann á Gauknum um árið.

2. Hey – Butthole Surfers

Snilldar band sem hefur alltaf spilað mjög skemmtilega og tilraunakennda tónlist. Þetta lag er á fyrstu EP plötunni þeirra, sem var gefin út árið 1983, og ég á að sjálf-sögðu á Vinyl. Gaman að

3. Hey – Pixies Doolitle er ein besta plata sem hefur verið gefin út, og þetta er bara eitt lag af henni. Öll hin lögin eru ekki síðri, jafnvel betri. Svo eru hinar plöturnar með Pixies ekkert mikið síðri. Jafnvel betri.

4. Red Army * Blues (a. A Song Of The Steppes b. Red Army Blues) – The Waterboys

Aldrei verið mikill aðdandi Waterboys svo sem, en þeir laumuðu plötunni Pagan Place frá sér árið 1983, og öllum að óvörum þá var hún alveg hreint frábær. Einkum og sér í lagi þetta lag, sem skartar líka alveg frábærum texta, sem ætti að græta hina hörðustu rokkara án nokkura teljandi erfiðleika.

● Stuttar fréttir

Sex tilboð bærust

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka tilboði frá Guðmundi Arasyni ehf. í stálþil vegna endurbyggingar Ásgeirsbakka á Ísafirði. Sex tilboð bærust í stálþil en þau komu einungis frá tveimur aðilum. Þór hf. sendi inn þrjú tilboð og Guðmundur Arason ehf. sendi inn þrjú tilboð. Upphæð tilboðsins sem tekið var er tæpar 27,8 milljónir króna. Í bókun hafnarstjórnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að heildarkostnaður við kaup á stálþilinu og festingum fyrir það verði um 37 milljónir króna.

Seinkun vegna bilunar í Perlunni

Dýpkun snúningsrýmis við Sundabakka á Ísafirði mun teyfjast vegna bilunar í dæluskipinu Perlunni sem undanfarið hefur verið notað til verksins. „Vél sem knýr dælubúnað skipsins gaf sig á sunnudag og var skipinu siglt suður til viðgerðar. Rætt er um að viðgerð muni taka að minnsta kosti viku, en sem vonandi kemst þetta í lag sem allra fyrst“, segir Guðmundur H. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Afhending löðsbáts seinkar

Líklegt er að afhendingu nýs löðsbáts Ísafjarðarbæjar seinki um viku vegna tafa á afhendingu skrufubúnaðar skipsins. Að öðru leyti miðar verkinu vel. Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri á Ísafirði segir að vel sé vandað til verka í skipasmíðastöðinni og að smíðin lofi góðu. Stefnt er að afhendingu bátsins í Póllandi 15. ágúst, en líklegt að afhendingin teyfjast um viku.

● Kirkja

Ögurkirkja: Messa sunnudaginn 3. júlí kl. 14:00. Prestur er sr. Magnús Erlingsson.



Eldur í skútu

Björgunarskipið Gunnar Friðriksson á Ísafirði var kallað út á sunnudag vegna elds í skútu sem var á siglingu í Skutulsfirði. Þegar björgunarskipið kom að skútunni hafði skipverjum tekist að ráða niðurlögum eldsins.

Hann er talinn hafa kviknað af völdum rafmagns. Slökkviliðinu á Ísafirði var ekki gert viðvart um eldinn. Áhöfn skútunnar sakaði ekki. – hj@bb.is



Saga Bolungarvíkur gefin út

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur falið bæjarstjóra að ganga frá útgáfusamningi við Sögufélag Ísafirðinga vegna útgáfu á sögu Bolungarvíkur. Jón Þ. Þór sagnfræðingur hefur undanfarið tvö ár unnið að ritun sögunnar að frumkvæði og á kostnað Bolungarvíkurkaupstaðar.

Hefur hann nú lokið ritun sögunnar frá landnámi og til ársins 1920. Er það tímabil manna á milli kallað frá Þurði sundafyllis til Einaris Guðfinnssonar. Jón mun halda áfram ritun sögunnar og er áætlað að hún verði gefin út í tveimur bindum.

Stefnt er að því að fyrra bindið þ.e. eins og áður sagði tímabilið frá landnámi til ársins 1920 komi út í haust. – hj@bb.is



Óshlíðarhlaupið fór fram í þrettánda sinn á laugardag. Mynd: Páll Öundurson.

Jakob Einar sigraði í Óshlíðarhlaupinu

Tæplega níutíu manns tóku þátt í Óshlíðarhlaupinu sem fór fram í þrettánda sinn á laugardag. „Hlaupið gekk mjög vel og við fengum ágætis veður.

Metþátttaka var í 10 km hlaupinu en færri tóku þátt í skemmtiskokkinu en oft áður“, segir Kristbjörn Sigurjónsson, skipuleggjandi hlaupsins. Jakob

Einar Jakobsson sigraði í hálfmaráþoninu og Ásdís Kristjánsdóttir varð hlutskörpust í kvennaflokki. Af þeim sem hlupu 10 km leið sigraði Einar Ólafsson

og Jóna Sigríður Halldórsdóttir var fljótust kvenna. Þá sigruðu Emil Pálsson og María Sigríður Halldórsdóttir í 4 km skemmtiskokki. Boðið var upp á

sveitakeppni í lengri vegalengdunum að þessu sinni og sigruðu Riddarar Rósu í 21,1 km og Roadrunner í 10 km. Úrslit í heild má nálgast á vefsíðu hlaupsins.

Færeyskir skipbrotsmenn af togaranum Agli rauða

Færðu Björgunarfélagi Ísafjarðar peningagjöf

Hilmar Larsen og Tórálvur Mohr Olsen, sem báðir björguðust þegar togarinn Egill rauði strandaði undir Grænuhlíð fyrir 50 árum, færðu Björgunarfélagi Ísafjarðar peningagjöf til styrktar starfi félagsins. Þeir félagar voru staddir á Ísafirði um helgina vegna endurfunda björgunarmanna og skipbrotsmanna.

Með gjöfinni vildu þeir styrkja starf björgunarmanna á Ísafirði og um leið þakka það mikla starf sem björgunarmenn inntu af hendi þegar áhöfninni af Agli rauða var bjargað fyrir hálfri öld.

– hj@bb.is

Færeysku skipsfélagarnir af Agli rauða, þeir Hilmar Larsen og Tórálvur Mohr Olsen.



Starf forstöðumanns Háskólaseturs Vestfjarða

Peter Weiss ráðinn

Peter Weiss hefur verið ráðinn forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða. Peter, sem er frá Þýskalandi, hefur doktorsgráðu m.a. í bókasafns- og upplýsingafræðum, masterspróf í Norðurlandamálum, kunnáttu í þýsku, íslensku, sænsku, dönsku, latínu, frönsku, en

sku og finnsku. Þá hefur hann talsverða stjórnunarreynslu, hefur kennt við fleiri en einn háskóla í Þýskalandi og fær mjög góð meðmæli frá þeim sem hann hefur starfað með, m.a. rektor Háskóla Íslands. Peter kom hingað til lands árið 1997 og talar reiprennandi íslensku,

auk annarra tungumála. Kona Peters heitir Angela Schamberger og er hún magister í norrænum fræðum, listasögu og jarðfræði. Alger samstaða mun hafa ríkt í stjórn Háskólasetursins um ráðningu Peters og er líklegt að hann hefji störf í ágúst.

– halfdan@bb.is



Peter Weiss, nýráðinn forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða.